

Listi fólks

Auðkenni/ID = 4 & 5

Jón Keneksson og Hallur, 1551: Annálar I, bls. 456-57 (Grímsstaðaannáll).

Grímstaðaanáll: Kristján skrifari var umboðsmaður Bessastaðavaldsins og hann og fleiri menn voru drepnir af norðlenskum mönnum sem vildi hefna eftir Jón Arason og syni hans. Jón Keneksson bóndi á Kirkjubóli á Miðnesi og húsmaður hans Hallur er bjó í Sandkoti voru dæmdir af lífi vegna þess að Jón bannaði Norðlendingum ekki að rífa húsin þar sem þeir drápu Kristján skrifara í. Átti að flytja Jón og Hall til alþingis en þeir létu illa og voru því hálshöggðir við Straum. „Höfuðin voru fest á stangir, en bolirnir á hjóli sundur slitnir, og sá til merkis meir en 20 eður 30 ár“. Ferlir.is: Voru höfuðin sett á stengur en búkarnir á hjól og haft sem víti til varnaðar við þjóðveginn við Straumsvík. (Heimild vantar?). Þeir norðlensku drápu böðulinn er hjó feðgana í Skálholti; hann hét Jón Ólafsson og var lýst sem herfilegri kind. Norðlensku tóku hann á Álftanesi “héldu í sundur á honum túlanum of helltu ofan í hann heitu biki”.

Auðkenni/ID = 6

Henrik Kules, 1582: Alþingisbækur II, bls. 7-9.

Alþingisbækur: Henrik Kules dæmdur til dauða fyrir að hafa stungið Bjarna Eiríksson til bana á jólanótt á Bessastöðum.ii

Auðkenni/ID = 7, 8, 9

3 ónafngreindir menn, 1584: Annálar IV, bls. 69 (Setbergsannáll).

Setbergsannáll: Þrír þjófar hengdir vestra.

Auðkenni/ID = 12

Björn Pétursson (Axlar-Björn), 1596: Annálar I, bls. 180 (Skarðsannáll); II, bls. 89 (Fitjaannáll); III, bls. 187-88 (Ballarárannáll); Alþingisbækur III, bls. 101 og 604.

Skarðsannáll: Björn í Öxl viðurkenndi að hafa myrt 9 menn, suma til fjár en einnig aðra sem voru í vegi hans. Þegar honum varð aflskortur veitti kona hans honum lið-hún brá snæri um háls manna og rotaði þá. Björn gróf hina dauðu í heygarði og fjósi því hann nennti ekki að fara í kirkju. Björn viðurkenndi illverkið og var dæmdur í Laugarbrekkubpingi. Hann var fyrst limmarinn með sleggjum og síðan afhöfðaður. Loks var hann sundur stykkjaður og festur upp á stengur. Jón Jónsson lögmaður var yfirdómari. Kona Björns var ólétt og því ekki deydd.

Ballarárannáll: Björn var stelgdur á Laugarbrekkubpingi.

Auðkenni/ID = 13

Ónafngreind kona, 1598: Annálar II, bls. 90 (Fitjaannáll).

Fitjaannáll: Ónefndri konu drekkst hjá Bakkarholti í Ölfusi. Á að hafa fallið með tveimur bræðrum en þeir fengu að halda lífi.

Auðkenni/ID = 14

Björn Þorleifsson, 1602: Annáll I, bls. 187 (Skarðsannáll); Alþingisbækur III, bls. 47 og 229.

Skarðsannáll: Björn Þorleifsson var tekinn af lífi á Alþingi fyrir kvennamál og svall og fékk góða iðran. Biskupinn herra Oddur áminnti hann sjálfur. „Hann kvaddi menn með handabandi, áður sig niður lagði á höggstokkinn, og bauð svo öllum góða nótt. Var hann með öllu óbundinn.“ Böðullinn Jón var orðinn gamall og slæmur og „krassaði í höggunum.“ Björn lá kyrr. Eftir 6 högg leit Björn við. Mælti hann: „Höggðu betur, maður!“ Böðullinn krassaði ein 30 högg áður en af fór höfuðið. „Var það hryggilegt að sjá. Voru þá áminningar gerðar yfirvöldum þeim veraldlegu, að hafa örugga menn til slíks embættis, svo landið yrði ekki að spotti í þeirri grein.“

Auðkenni/ID = 15 & 16

2 ónafngreindir þjófar, 1605: Annálar I, bls. 192 (Skarðsannáll).

Skarðsannáll: Hengdir 2 þjófar við Blöndu á Svarthamri.

Auðkenni/ID = 17

Þórður Egilsson og Dýrfinna Halldórsdóttir, 1605: Alþingisbækur III, bls. 361.

Alþingisbækur: Þórður Egilsson er hafði fallið með systur konu sinnar, Dýrfinnu, var hálshöggvinn. Dýrfinna skyldi einnig dæmast eftir Stóradómi eftir að barninu væri hætt við lífsháska (við 1 árs aldur), en óvíst er hvort eða hvenær dómnum var framfylgt.

Auðkenni/ID = 18

Bjarni Hildibrandsson, 1606: Annálar III, bls. 257 (Eyrarannáll).

Eyrarannáll: Bjarni Hildibrandsson er hafði fallið með systur var tekinn af lífi á Alþingi.

Auðkenni/ID = 19

Guðrún Þorsteinsdóttir, 1608 Annálar I, bls. 196 (Skarðsannáll); III, bls. 258 (Eyrarannáll).

Skarðsannáll: Brenndi kona barn í grautarkatli norður í Þingeyjarþingi. Hún hét Guðrún Þorsteinsdóttir og var brennd. Þorbergur og Sigurður Hrólfssynir voru sýslumenn þar.

Auðkenni/ID = 20

Sigríður Halldórsdóttir og Jón Oddsson, 1611: Alþingisbækur IV, bls. 141-54; Annálar I, bls. 198-99, (Skarðsannáll); III, bls. 466 (Grímstaðaannáll); IV, bls. 77-79 (Setbergsannáll).

Setbergsannáll: Sýslumaðurinn Jón Magnússon lét þinga um málið. Jóni var dæmdur sjöttareíður en hann áður en hann átti að mæta á þing. Séra Gísli Guðbrandsson í Hvammi tók Sigríði til sín en hann átti Ragnhildi móður hennar. Jón Magnússon bannaði þetta og Gísli lét þá Sigríði á næsta bæ til Leysingjastaða hvaðan hún hljóp á brott með Jóni Oddssyni. Sigríði var drekkt á Hvammsfirði við Ballarárhlíð.

Grímstaðaannáll: Sigríði var drekkt í Dalasýslu. Hún var dæmd á Ballarárþingi og drekkt í Gerðarlæknum. Hún og Jón hurfu frá Leysingjaströndum í Hvammasveit að kvöldi til og gengu þau yfir Svínadal og norður í Kollafjörð. Þau héldu sig í helli nærri Felli og leituðust við að komast af landi. Jón komst í skip með Englendingum en Sigríður var sett á land sakir hennar veikleika. Hún var flutt til sýslumanns, Jóns Magnússonar og fæddi hún dreng, Þorleif Jónsson (um 1608). Svo var henni drekkt á Ballarárþingi. Sagt er að Jón hafi gifst í Englandi.

Auðkenni/ID = 21, 22, 23

3 ónefndir menn, 1611: Annálar I, bls. 199 (Skarðsannáll).

Skarðsannáll: Austur í Vopnafirði drápu tveir menn einn mann og voru afteknir. Einnig var unnið víg í Steingrímsfirði of sá maður aftekinn.

Auðkenni/ID = 24

Úlfhildur Jörundsdóttir, 1612: Annálar I, bls. 200 (Skarðsannáll); III, bls.54 (Vatnsfjarðarannáll elzti); Alþingisbækur IV, bls. 185.

Skarðsannáll: Konu er féll með feðgum drekkt á Vestfjörðum.

Alþingisbækur: Ari Magnússon var sýslumaður í Ísafjarðarsýslu.

Auðkenni/ID = 25

Ragneiður Magnúsdóttir, 1615 Annálar I, bls. 203 (Skarðsannáll); III, bls. 98 (Vatnsfjarðarannáll yngsti).

Skarðsannáll: Ragnheiður Magnúsdóttir fyrirfór 5 vikna gömlu barni sínu í læk norður á Svalbarðsströnd. Var drekkt á Helgastaðþingi og fékk iðran. Sýslumaður var Þorbergur Hrólfsson.

Vatnsfjarðarannáll yngsti: "...í því bili, sem barnið gaf af sér 3 hljóð, varð himinn blóðrauður og heyrðust 5 hljóð í lopti."

Auðkenni/ID = 26

Þórdís Halldórsdóttir og Tómas Böðvarsson, 1618: Annálar I, bls. 209 (Skarðsannáll); Alþingisbækur IV, bls. 113, 327, 375, 386-93. Espólín, V, bls. 128.

Skarðsannáll: 1618, Þórdísi Halldórsdóttur drekkt á alþingi.

Alþingisbækur: Þórdís og Tómas dæmd til dauða fyrir blóðskömm.

Espólín: Tómas flúði þingið og náðist ekki.

Auðkenni/ID = 27

Guðbjörg Jónsdóttir og ónafngreindur maður, 1618: Annálar I, bls. 209 (Skarðsannáll); Alþingisbækur IV, bls. 375.

Skarðsannáll: Konu að austan drekkt er sagði barn uppá sinn systurson. Sá fékk ekki eiðamenn og var hann hálshöggvinn á alþingi. Dæmdir af Fridrich Friis of Jurin Vindt sem sendir voru til Íslands með kóngsskipi.

Auðkenni/ID = 29

Ólafur Þórðarson, 1618: Annálar I, bls. 210 (Skarðsannáll); Alþingisbækur IV, bls. 375.

Skarðsannáll: 1618, Höggvinn maður á Akranesi sem fallið hafði með systur. Dæmdur af Friis og Vindt. Friis dó stuttu seinna (bls.211).

Auðkenni/ID = 30, 31

Hildibrandur Ormsson og Sesselja Jónsdóttir, 1624: Annálar I, bls. 218 (Skarðsannáll); Alþingisbækur V, bls. 98. Hvor/hvenær var dómi Sesselju framfylgt?

Skarðsannáll: 1624, Maður úr Ísafjarðarsýsluvar tekinn af lífi á Alþingi. Hann hér Hildibrandur og hafði fallið hafði með systur konu sinnar.

Alþingisbækur: Sesselja Jónsdóttir, er Hildibrandur hafði fallið með var einnig dæmd samkvæmt Stóradómi. Sýslumaður var Ari Magnússon og höfuðsmaður Holger Rosenkrantz. Áður hafði verið dæmt að Hildibrandur skyldi náðast og gerast böðull en Sesselja náðast því hún var með barn á brjósti. Hildibrandur var tekinn af lífi á þessu þingi.

Auðkenni/ID = 32

Jón Rögnvaldsson, 1625: Annálar I, bls. 221 (Skarðsannáll).

Skarðsannáll: Brenndur í Eyjafirði efir dómi Jón Rögnvaldsson úr Svarfaðardal fyrir fjölkynghátt.

Auðkenni/ID = 33

Ónefndur maður, 1626: Annálar I, bls. 224 (Skarðsannáll).

Skarðsannáll: Hengdur einn maður undir Jökli fyrir stuld.

Auðkenni/ID = 34

Herdís Guðmundsdóttir, 1627: Annálar I, bls. 226 (Skarðsannáll); III, bls. 197 (Ballarárannáll); Alþingisbækur V, bls. 149.

Skarðsannáll: konu drekkt í Dalasýslu er hafði drekkt barni sínu en haldið fram að það hefði fæðst andvana.

Ballarárannáll: Herdís drekkt í Miðdölum.

Auðkenni/ID = 35

Aldís Þórðardóttir og Jón Þórðarson, 1634: Annálar I, bls. 240 (Skarðsannáll); III, bls. 111 (Vatnsfjarðarannáll yngsti); Alþingisbækur V, bls. 350-51.

Skarðsannáll: Systkin áttu barn sín á milli á Álftanesi, hann flúði en hún líflátin.

Alþingisbækur: Aldís Jónsdóttir dæmd til dauða í Kópavogi (en hóflegum frest skotið á aftökuna "svo hún megi góða tómstund hafa til að hugsa um sína sáluhjálp"). Jón var dæmdur útlægur. Umboðsmaður Bessastaða, Jens Söfrrinsson bar málið fram og lögmaðurinn Árni Oddsson skipaði dóm.

Auðkenni/ID = 36

Gísli Tómasson, 1634: Annálar I, bls. 240 (Skarðsannáll); II, bls. 127 (Fitjaannáll); III, bls. 200 (Ballarárannáll), bls. 470 (Grímsstaðaannáll).

Skarðsannáll: Maður að nafni Gísli Tómasson réttaður. Hann hafði myrt föður sinn, Tómas Þorkelsson, vestur í Dölum.

Fitjaannáll: Tómas drap föður sinn, „eptir það þeir höfðu stolið í Húnavatnsþingi, og var Gísli þá hýddur og markaður. Sá skáلكur náðist, eptir það hann hafði drepið sinn föður, og var stegldur“.

Ballarárannáll: Gísli var stegldur í Laugarbrekku.

Auðkenni/ID = 37

Jón Ormsson, 1634: Annálar I, bls. 240 (Skarðsannáll).

Skarðsannáll: Jón Ormsson var hengdur undir Svarthamri í Langadal fyrir stuld. Hann var dæmdur í Bólstaðarhlíð. Þegar menn komu og vildu ná honum skar hann í háls sér svo úr honum blæddi mikið svo öllum ofbauð nema einum sem sá að þetta var bragð.

Auðkenni/ID = 38

Ónafngreind bústýra á Hömrum í Haukadal í Dalasýslu, 1635, Annálar I, bls. 246 (Skarðsanáll), 329 (Vallholtsannáll); III, bls. 200 (Ballarárannáll), 471

(Grímstaðaannáll); Alþingisbækur V, bls. 436. AM 244 4to. (bréf frá Gísla biskupi Oddsyni til séra Jóns Ormssonar 1636- beðinn um að láta guðhræddar konur skoða brjóst hinnar grunuðu og annað kvenlegt eðli).

Skarðsannáll: Barn fannst í Haukadalsá og móðirin játaði morðið. Bar undan manninn sem barnið hafði við henni átt í hórdómi, hann hefði hvorki vitað um barnsburðinn né útburðinn. Móðirin var dæmd og henni drekkt en manningum dæmdur sjöttareidur. Þessum Jóni Pálssyni var dæmt húðlát sem borið gæti en hann lést áður en refsingin féll.

Vallholtsannáll: konu drekkt í Haukadal vestur.

Auðkenni/ID = 39, 40, 41

3 ónafngreindir menn, 1635: Annálar I, bls. 243 (Skarðsannáll); III, bls. 471 (Grímsstaðaanáll).

Skarðsannáll: 1635, Tveir menn hengdir í Gullbringusýslu fyrir stuld. Hvor í sinn tíma. Jens Söfrensson var umboðsmaður a Bessastöðum. Einn 18 ára drengur hengdur í Eyjafirði fyrir stuld.

Grímstaðaannáll: hengdur þjófur á Bessastöðum sem stal þar smjöri.

Auðkenni/ID = 42 & 43

Rustikus og Alleif, 1636: Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll); III, bls. 112 (Vatnsfjarðarannáll yngsti), 260 (Eyrarannáll).

Skarðsannáll: Á Miðnesi suður áttu 2 systkini barn sem fannst grafið. Þau bæði réttuð.

Auðkenni/ID = 44

Ónafngreind kona, 1636: Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll), bls. 329 (Vallholtsannáll); III, bls. 471 (Grímsstaðaanáll).

Skarðsannáll: 1636, kona hengd undir Jökli vestur fyrir þjófnað.

Auðkenni/ID = 45, 46, 47, 48

4 ónafngreindir menn, 1636: Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll).

Skarðsannáll: 4 þjófar hengdir á Suðurlandi.

Auðkenni/ID = 50

Jón Steingrímsson, 1636: Annálar I, bls. 247 (Skarðsannáll). (umfjöllun í Lesbók Moggans.)

Skarðsannáll: Böðulinn á Bessastöðum suður, Jón Steingrímsson, átti barn við dóttur konu sinnar; þau bæði réttuð.

Tekin af lífi í Kópavogi og dysjuð þar (Lesbók Morgunblaðsins, 1957).

Auðkenni/ID = 51

Guðmundur Jónsson, 1637: Annálar I, bls. 250 (Skarðsannáll); bls. 330 (Vallholtsannáll).

Skarðsannáll: Sýslumenn Þorbergur Hrólffsson og Hrólfur Sigurðsson í Þingeyjarþingi tóku þann útlæga mann Guðmund Jónsson sem dulist hafði um landið í 3 ár og hafði tjald á fjöllum. Þeir færðu hann Magnúsi Björnssyni sýslumanni í Vöðluþingi og var hann höggvinn af Bessastaðaböðli.

Vallholtsannáll: Rétttaður maður í Eyjafirði fyrir kvennamál er Guðmundur hét.

Auðkenni/ID = 52 & 53

Ónafngreind stjúpfeðgin, 1639: Annálar I, bls. 257 (Skarðsannáll), bls. 330 (Vallholtsannáll).

Skarðsannáll: Maður einn átti barn með stjúpdóttur sinni í Vöðluþingi; hann tekinn og réttaður, einnig var konunni drekkt.

Vallholtsannáll: Réttuð maður og kona á alþingi fyrir barneign.

Auðkenni/ID = 56

Helgi Þorgeirsson, 1641: Annálar I, bls. 266 (Skarðsannáll), bls. 331 (Vallholtsannáll).

Skarðsannáll: Maður réttaður á alþingi, Helgi Þorgeirsson sem fallið hafði í hórdóm, flúið af Vestfjörðum í ensk skip, gift sig á Englandi að sinni konu lifandi hér í landi, en kom svo aftur hér í land og var tekinn.

Auðkenni/ID = 57

Ónafngreind kona, 1645: Annálar I, bls. 272 (Skarðsannáll).

Skarðsannáll: Í Höfnum suður átti maður barn við stjúpdóttur sinni, hann flúði en hún var réttuð á Bessastöðum.

Auðkenni/ID = 58

Inga Kolbeinsdóttir, 1645: Annálar IV, bls. 280 (Sjávarborgarannáll); Aþingisbækur VI, bls. 112-13, 119-120, 137.

Sjávarborgarannáll: Réttuð Ingvöldur Kolbeinsdóttir á Vestfjörðum. Einnig nefnd Ingunn eða Inga.

Auðkenni/ID = 61 & 62

Jón Þorsteinsson og Björg Andrésdóttir, 1647: Annálar Magnúsar, bls. 110; Annálar I, bls. 288 (Seiluannáll), bls. 334 (Vallholtsannáll); Annálar II, bls. 143, 153 (Fitjaannáll) og 429 (Kjósarannáll); III, bls. 118 (Vatnsfjarðarannáll yngri), bls. 64 (Vatnsfjarðarannáll elzti).

Magnús: Jón Þorsteinsson féll með Björgu stjúpdóttur sinnu. Þau voru bæði úr Húnavatnssýslu og voru bæði réttuð á alþingi.

Seiluannáll: Í Húnavatnssýslu, þar sem sýslumaður var Guðmundur Hákonarson, giftust Jón Þorsteinsson og Herdís og gekk gifting þeirra treglega fram af mannsins hendi. Eignaðist dóttir Herdísar, Björg, barn og kenndi Jóni. Hann meðkenndi barnið en vildi þó sverja fyrir konu sína, hennar móður. Setti Guðmundur þá þing að Sveinsstöðum. Jón sór á þinginu að hann hefði ei holdlegan verknað framið með Herdísi konu sinni sem tilhlýðir milli karls og konu. Í sama máta sór konan séttareid fyrir holdlegt samræði við Jón og sóru 2 konur lýsingu Herdísar. Jón var dæmdur frá þessu máli upp á lífstraffið. Þau skyldu hvort um sig láta 9 merkur til konungs. Lögmaður skyldi ráða hvort um fégjöld eða líkamlegt straff skyldi verða dróst svo undan í 2 ár. Málið kom fyrir Jens Söfrensson sem hélt að ekkert skyldi dæmast en kom aftur með bréf konungs þetta ár að þau skuli bæði á lífinu straffast og voru Jón og Björg líflátin á alþingi þetta ár.

Vallholtsannáll: Kom kongsbréf um óðalsbálk og jarðasölur og annað um Jón Þorsteinsson og Helgu Andrésdóttur stjúpdóttur hans er höfðu átt barn saman og verið aftekin.

Auðkenni/ID = 63

Sveinn "skotti" Björnssoni, 1648: Annálar I, bls. 286 (Seiluannáll), bls. 334 (Vallholtsannáll); III, bls. 263 (Eyrarannáll); IV, bls. 74 (Setbergsannáll). Íslendingabók.

Íslendingabók: 1596-1648. Landhlaupari. Hengdur í Rauðadalsskörðum. Faðir Sveins var Axlar-Björn. Sveinn átti 2 syni; annar var Gísli "hrókur" sem var hengdur á Dyrhólum en hinn hét Halldór og var sennilega ómagi í Öngulstaðahreppi í Eyjafirði 1703.

Seiluannáll: Sveinn skotti var dæmdur til hæsta húðláts 1646; Sveinn "skotti" „hafði það nafn af sífelldri rás og róli, illri breytni og djarfrækni við kvenfólk, en þó raunar ragur og duglaus, fyrir vanrækt sinnar sáluhjálpar, og mörg önnur guðlösturnarorð.“ Ekki bætti hann breytni sína eftir þá refsingu og var því hengdur í Barðastrandarsýslu árið.

Vallholtsannáll: Sveinn skotti hengdur á alþingi.

Eyrarannáll (neðanmáls): Í Þorláksannáll segir að Sveinn hafi verið hengdur í Rauðaskörðum (Rauðdalsskörðum).

Auðkenni/ID = 64

Guðmundur Narfason, 1650: Annálar I, bls. 294 (Seiluannáll), bls. 336 (Vallholtsannáll); II, bls. 164 og 166 (Fitjaannáll); III, bls. 70 (Vatnsfjarðarannáll elzti), bls. 123 (Vatnsfjarðarannáll yngri); Alþingisbækur VI, bls. 264.

Fitjaannáll: Guðmundur Narfason myrti konu sína, hljóp á brott og útbar þann róm að hún hefði myrt sig sjálf. Konan var grafin en bræður hennar gengu eftir því að hún yrði grafin upp aftur og skoðuð. 10 eða 12 menn af nefndarmannavottum Guðmundar sóru hann sekan. Guðmundur var fyrst beinbrotinn á handleggjum og og fótum og síðan hálshöggvinn og höfuð hans sett á stöng upp á Almanngjá. Réttað var yfir tveimur af hjákonum Guðmundar. Önnur var þunguð en hin var húðstrýkt.

Seiluannáll: Skar konu sína á háls að nóttu til. Kom til Alþingis og vildi ekki viðurkenna brot sín í fyrstu þar til hann var dæmdur til dauða og var „eptir hyggju sakaður; meðgekk þá óneyddur og fékk góða iðran, og gekk glaður til sinnar pínu, bað guð og menn fyrirgefningar; fyrst limamarinn, síðan afhöfðaður, og sett höfuðið á háa stöng til æfinlegrar minningar og viðvörunar“.

Alþingisbækur: féll á tylftareiði. Hann bað Sigmund Jónsson um að skila til Ólafar Jónsdóttur, frillu sinnar, að hún skyldi fara til Alþingis og segjast hafa fundið ungabarn í moðinu á heygarðinum á Kílhrauni. Hún kannaðist ekki við þetta. Guðmundur viðurkenndi á Alþingi að hafa myrt konu sína auk þess að hafa logið um barnið upp á Ólöfu. Lögmaður var Árni Oddsson. „Um þegn og bætur og allar löglegar skuldir af fé Gvöndar, svo og ef nokkuð gengur aftil fósturs hans börnum, meðan þau eru í ómegð, þá gangi það allt eptir Lögbók og öðru bréfa Magnúsar kongs.“

Auðkenni/ID = 65 & 66

Páll Tóason og Margrét Jónsdóttir, 1650: Annálar Magnúsar, bls. 113; Annálar II, bls. 166 (Fitjaannáll); III, bls. 71 (Vatnsfjarðarannáll elzti); Alþingisbækur VI, bls. 265-266.

Magnús: Aftekinn Páll Touson og stjúpdóttir er höfðu fallið í barneignir í Ögri við Ísafjörð.

Vatnsfjarðarannáll elzti: Margréti var drekkt í Ögri. Páli tókst að flýja en náðist fljótt aftur og var hálshöggvinn í Ögri.

Alþingisbækur: Á Öxárþingi var tekið fyrir mál úr Ísafjarðarsýslu um Margréti Jónsdóttur er hafði fætt barn eftir stjúpföður sinn Pál Tóason (Þórarinsson). Málið var borið fyrir ofurstann herra Hendrik Bjelke, lögmenn og lögréttu sem samþykkti að Margrét skyldi missa lífið. Páll hafði flúið.

Fitjaannáll: Kallaður Páll Tóva/Tófason.

Auðkenni/ID = 67

Jón Jónsson (kallaður Sýjusson) og Sigríður Einarsdóttir, 1650: Annálar I, bls. 336 (Vallholtsannáll); II, bls. 166 (Fitjaannáll); III, bls. 71 (Vatnsfjarðarannáll elzti), bls. 123 (Vatnsfjarðarannáll yngri), bls. 265 (Eyrarannáll); Alþingisbækur VI, bls. 272.

Vatnsfjarðarannáll elzti: stjúpfeðgin undir Jökli áttu saman 2 börn og voru bæði réttuð.

Vallholtsannáll: 1650, á alþingi var aftekinn Jón er hafði átt barn með stjúpdóttur sinni „tók öxin eigi á háls honum og vafðist upp í eggina; marðist höfuðið af um síðir í 30 höggum. Fannst hausskél af manni í skó hans öðrum, er hann var dauður og rúnir á, en í öðrum tréspjald og þar einnig á rúnir.“ Jón var grafinn er þá vildi hann ganga aftur, svo hann var tekinn upp og brenndur. Sigríður meðkenndist og var henni einnig drekkt þar á þinginu.

Auðkenni/ID = 70

Halldór Jónsson og Sigríður Jónsdóttir, 1650: Annálar I, bls. 336 (Vallholtsannáll); II, bls 167(Fitjaannáll).

Íslendingabók: Bjó líklega í Eyjafirði?

Vallholtsannáll: 1650, í Vaðlasýslu var Halldór Jónsson aftekinn, sá hafði átt barn við systur konu sinnar er Sigríður Jónsdóttir hét, hún og réttuð.

Fitjaannáll: "Item voru þá og líka réttuð maður og kona norður í Vöðluþingi, fyrir blóðskömm, er þau höfðu í fallið."

Auðkenni/ID = 71 & 72

Ónafngreind stjúpfeðgin, 1651: Annálar III, bls. 126 (Vatnsfjarðarannáll yngri).

Vatnsfjarðarannáll yngri: Réttuð stjúpfeðgin úr Eyjafirði fyrir blóðskömm 1651.- Halldór og Sigríður?

Auðkenni/ID = 73, 74, 75

Þórður, Egill og Grímur, 1654: Annálar Magnúsar, bls. 199; Annálar I, bls. 305 (Seiluannáll), bls. 339 (Vallholtsannáll); Annálar III, bls. 79 (Vatnsfjarðarannáll elzti), bls. 212 (Ballarárannáll).

Magnús: 3 galdramenn brenndir í Trékyllisvík.

Vallholtsannáll: 1654, í Strandasýslu kom upp galdramál. Sýslumenn þar, Þorleifur Kortsson og Jón Magnússon létu brenna tvo menn, annar hét Þórður en hinn Egill. Brenndir í sama eldi, fimmtudag næstan fyrir imbruviku um haustið. Hinn þriðji er Grímur hét var brenndur nokkrum dögum seinna.

Auðkenni/ID = 76

Sigríður Gunnarsdóttir, 1656: Már Jónsson. (2000). Dulsmál 1600-1900. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. ; ÞÍ. Sýsl. Snæf. IV-1a, bls. 45r-46r og 50r-51r.

Már Jónsson: Sigríður eignaðist barn á leið sinni til Arnarstapa, skildi það eftir og hélt áfram leið sinni. Komst upp um hana þegar hún mjólkaði sig á almannafæri. Sýslumaður Matthías Guðmundsson kallaði sama 12 karla að Laugarbrekku þar sem Sigríður játaði og var dæmd til dauða. Tekin af lífi á þinginu nokkrum dögum seinna. Loftur Jónsson barnsfaðirinn var dæmdur til húðstrýkingar fyrir

hórdómsbrot. Sigríður „að almúga rómi mey eða stúlka haldin var“- líklega var hún úr sveitinni því fólkið þekkti til hennar.

Auðkenni/ID = 77

Ónafngreind kona, 1656: Annálar I, bls. 308 (Seiluanáll) og 346 (Vallholtsannáll).

Seiluannáll: „Kona ein fyrir Jökli fyrirfór barni sínu með því móti, að hún lagði stein, annan á brjóstið annan á höfuðið, gekk svo frá; henni var refsað“.

Vallholtsannáll: „Kona drap barn sitt á Hjallasandi fyrir Jökli.... Hún var deydd; það var um veturnætur“.

Auðkenni/ID = 78 & 79

Jón og Jón Jónsson, 1656: Annálar Magnúsar, bls. 121; Annáll I, bls. 311 (Seiluannáll); bls. 344 (Vallholtsannáll), bls 436 (Kjósarannáll); III, bls. 82 og bls. 85 (Vatnsfjarðarannáll elzti); III, bls. 213 (Ballararannáll) og bls. 268 (Eyrarannáll); Alþingisbækur VI, bls. 384.

Magnús: Brenndir feðgar Jónar á Kirkjubóli í Skutulsfirði sumardaginn fyrsta. Þeir voru sakaðir um að hafa valdið veikleika síra Jóns Magnússonar og hann samt veikur eftir. (Bls. 123, 1658: Frelsaðist Þurriður Jónsdóttir systir/dóttir mannanna frá galdragrunsemi síra Jóns Magnússonar með tylftareiðið).

Seiluannáll: feðgar brenndir fyrir galdra í Ísafjarðarsýslu, þar sem prestur hafði orðið fyrir ásókn hræðilegri. Annar meðkenndi að hafa haft stafsmynd með illmögum í lófa sér er hann tók í hönd prests er hann þakkaði fyrir predikun. Þorleifur Kortsson sýslumaður varð af þessu mjög lofður af öllum mönnum og nafnfrægur þar honum lukkaðist svo vel af að koma þeirri vondu djöfulssókn.

Alþingisbækur: Á Öxárþingi var auglýstur dómur sá er auglýstur var af sýslumönnum Þorleifi Kortssyni og Magnúsi Magnússyni, um þá peninga sem þeir galdramenn eftir létu, að síra Jón Magnússon eignist 10 hundruð í jörðinni Kirkjubóli í bætur og 10 hundruð í lausafé eftir hinn annan. Restin skiptist milli erfingja og konungs.

Vallholtsannáll: brenndir fyrir galdra tveir menn í Ísafjarðarsýslu, áttu nokkuð í jörðu Kirkjuból.

Auðkenni/ID = 80 & 81

Valgerður Jónsdóttir og Ingimundur Illugason, 1659: Annálar I, bls. 353 (Vallholtsannáll); II, bls. 185 (Fitjaannáll).

Vallholtsannáll: Aftekin maður og kona undir Jökli fyrir barneign.

Fitjaannáll: Maður og kona réttuð í Snæfellssýslu sem höfðu fallið í blóðskömm.

Auðkenni/ID = 82

Ólöf Magnúsdóttir, 1663: Annálar I, bls. 362 (Vallholtsannáll); II bls. 197 (Fitjaannáll), 498 (Hestsannáll); IV, bls. 110 (Setbergsannáll).

Vallholtsannáll: Fundað á Hofi af sýslumanni 22. ágúst á Hofi. Ólöf hafði fætt barn í fjósinu á Felli í leyni og skorið það á háls "helzt í hnakkanum", henni var drekkt í Hofsa, norðanmegin gengt kofunum, tveimur dögum seinna.

Fitjaannáll: Myrti ein kona barn sitt norður í Sléttahlíð; „var þó ei nema í frillulífi getið“.

Auðkenni/ID = 83

Þórður Leifuson, 1664: Annálar I, bls. 363 (Vallholtsannáll); IV, bls. 100 (Setbergsannáll).

Vallholtsannáll: Hengdur syðra Þórður Leifuson, er sagt var stolið hefði úr Hólmsbúðum.

Setbergsannáll: „Hengdur þjófur {suður} frá Bessastöðum í Garðahrauni, Þórður að nafni; hafði stolið úr búðum í Hólmi“.

Auðkenni/ID = 84

Ónafngreind kona, 1666: Annálar II bls. 209-210 (Fitjaannáll), bls. 492 (Hestsannáll).

Kona bar út barnið sitt, sem hún hafði átt í „einföldu fryllulífi“, Austur í Flóa, á Rútsstöðum. Konan var dæmd og réttuð á Vælugerðisþingi. .

Auðkenni/ID = 85

Pórarinn Halldórsson, 1667: Annálar II, bls. 211 (Fitjaannáll), bls. 493 (Hestsannáll); III, bls. 144 (Vatnsfjarðarannáll yngri), bls. 274 (Eyrarannáll); IV, bls 105 (Setbergsannáll).

Íslendingabók: Bjó á Birnustöðum í Ísafjarðarsýslu. Var kvæntur og átti börn.

Hestsannáll: Pórarinn galdramaður af Vestfjörðum var brenndur. Hann viðurkenndi að stúlka hefði dáðið af galdraverkum sínum og að hann hefði „illt hjarta haft til sóknarprests síns“ sem honum þótti vera harðmæltur uppá galdramenn. Hann sagði óvíst að presturinn yrði svo hvatvís næsta sunnudag. Presturinn fékk ókennilegan sjúkleika næsta sunnudagsmorgun og dó síðan. Pórarinn var brenndur á alþingi.

Vatnsfjarðarannáll yngri: Pórarinn Halldórsson brenndur á Alþingi í Almannagjá.

Eyrarannáll: Pórarinn brenndur fyrstur á Alþingi. Hafði veturinn fyrr sloppið úr járnum. Helgi Einarsson böðull, líklega á Eyri, Seyðisfirði, Ís (Íslendingabók). hjálpaði Þórnari Halldórssyni að sleppa úr járnum árið 1667, „hver honum um kveldtíma út kom úr varðhaldshúsinu og á bjórnum til rauf, svo hann þar um þann glugga úttoagaði“.

Auðkenni/ID = 86

Jón Loftsson/Leifsson og Erlendur Eyjólfsson, 1668/1669: Annálar Magnúsar, bls. 135; Annálar I, bls. 384 (Vallaannáll); II, bls. 219 (Fitjaannáll), 448 (Kjósarannáll), 496 (Hestsannáll); III bls. 149-150 (Vatnsfjarðarannáll yngri).

Magnús: Galdramennirnir Jón Loftsson og Erlendur Eyjólfsson (skólameistari Jóns í þessari vondu kunst) brenndir. Sú fróma guðhrædda kona Helga Halldórsdóttir í

Selárdal mætti árás og ofsókn af illum anda eftir jól og fram á sumar. Jón Leifsson viðurkenndi að hafa ollið þessu með ristingum og blóðvökunum.

Vallaannáll: Brenndur fyrir galdur Erlendur Eyjólfsson úr Arnarfirði vestan, í Nesskógi í Vesturhópi, dæmdur á Sveinsstöðum. Annar að nafni Jón Leifsson brenndur vestra. Báðir höfðu verið valdir að ónáða í Selárdal.

Fitjaannáll: Galdramaður á Vestfjörðum brenndur. „...hafði hann kennt fjölkyngi Jóni Leifssyni, er brenndur var um sumarið fyrir, og mörgum öðrum, að hans sögn“.

Auðkenni/ID = 88

Guðrún Bjarnadóttir, 1670: ÞÍ. Öx. Dómabók Þorleifs Kortasonar 1670-78, bls. 1r-3v, 4r-5v, 13v-14r. Annálar II, bls. 450 (Kjósarannáll), og bls. 498 (Hestsannáll); IV, bls. 110 (Setbergsannáll); Alþingisbækur VII, bls. 223-24.

Auðkenni/ID = 89

Sigurður Jónsson, 1671: Annálar Magnúsar, bls. 139; Annálar I, bls. 385 (Vallaannáll); II, bls. 227 (Fitjaannáll); III, bls. 156 (Vatnsfjarðarannáll yngri); og bls. 285 (Eyrarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 216.

Magnús: Brenndur Sigurður Jónsson úr Ísafjarðarsýslu á alþingi fyrir galdra er hann hafði gjört Þuríði Guðmundsdóttur konu Guðmundar Magnússonar.

Alþingisbækur: Á Öxaárþingi var mál Sigurðar Jónssonar tekið fyrir. Magnús Magnússon og Páll Torfason voru sýslumenn í Ísafjarðarsýslu. Í héraði og aftur á Öxaárþingi hafði Sigurður meðkennt að hafa brúkað galdra. 3 júlí var Sigurður dæmdur til að brennast á eldi og þann 5. var hann tekinn af lífi.

Auðkenni/ID = 90

Jón Jónsson, 1672: Annálar II, bls 502 (Hestsannáll).

Hestsannáll: Var hengdur á Höfðaströnd.

Auðkenni/ID = 91

Guðrún Skaftadóttir, 1673: Annálar Magnúsar, bls. 147; Annálar III, bls. 298 (Eyrarannáll); Þí. Öx. Dómabók Þorleifs Kortasonar 1670-78, bls. 27v-28v.

Magnús: Guðrún Skaftadóttir á Hamri á Hjarðarnesi átti tvíbura með giftum manni og „höndlaði heimuglega með sína barnsfæðing hvar firer henne varð dreckt.“

Eyrarannáll: Guðrún Skaptadóttir yngri, á Hvammi á Hjarnarnesi. Átti tvíbura með giftum manni. „...og með sinna barna fæðing heimuglega höndlað“ (bls 298). Henni var drekk í Vaðalsá.

Auðkenni/ID = 92 & 96

Bjarni Sveinsson og Sigríður Þórðardóttir, 1673/74: Annálar Magnúsar, bls. 148-9; Annálar II, bls. 232-33 (Fitjaannáll) og bls. 504, 506 (Hestsannáll); III, bls. 301 og bls. 304 (Eyrarannáll); IV bls. 115-116 (Setbergsannáll); 302 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 284.

Magnús: Rétttaður Bjarni sem fallið hafði með stjúpdóttur sinni (villa?) en hún var ári síðar réttuð í Húnavatnssýslu eftir lögmannsdóm.

Magnús: Sigríði Þórðardóttur drekk í Húnavatnssýslu. Hún hafði fætt barn eftir mann systur sinnar sinn sem hafði, fyrir dauða sinn, viðurkennt að hafa nauðgað henni.

Eyrarannáll: „Meðkenndi fyrir dómi sig henni nauðgað hafa, þar með stúlkan ung. Var hann aftekinn á alþingi.“

Fitjaannáll: Segir að Bjarni hafi verið tekinn af lífi á alþingi. Hann átti barn með systur konu sinnar og segir að henni hafi verið drekk á alþingi ári síðar.

Hestsannáll: Segir að Bjarni hafi verið höggvinn en konan sem hann átti barn með hafi ekki verið flutt á alþingi því ekki var vitað hvort hún væri ómgeð eða fullviti.

Alþingisbækur: Alþingisbækur VII, bls. 284: í lögréttu á Öxarárþingi kom til tals mál Sigríður Þórðardóttur, barnsmóður Bjarna Sveinssonar er hafði verið rétttaður á Öxarárþingi sumarið fyrir. Þetta mál lagði Sæmundur Hrólfsson fram fyrir hönd

föður síns Hrólfs Sigurðssonar er forfallaðist vegna stórharðinda í Þingeyjarþingi. Héraðsvottar höfðu svarið að Sigríður væri ekki yngri en 21 árs. Hún hafði lýst því yfir að Bjarni hefði nauðgað sér. Lögþingismenn sáu sig ekki færa til að dæma í málinu þar sem Sigríður var ekki viðstödd. Málinu var því vísað í hérað til Þorleifs Kortssonar.

Auðkenni/ID = 93

Eyjólfur Arason, 1673: Annálar II, bls. 232 (Fitjaanáll) og bls. 502 (Hestsannáll); IV, bls. 113 (Setbergsannáll).

Hestsannáll: Eyjólfur var hengdur fyrir norðan. Hafði stolið 36 ríkisdöllum frá Vilhjálmi Arnfinnssyni. Meðkenndist og fékk iðran.

Fitjaannáll: Eyjólfur var hengdur í Húnavatnsþingi.

Auðkenni/ID = 94

Páll Oddsson, 1674: Annálar Magnúsar, bls. 149; Annálar I, bls. 385 (Vallaannáll); II, bls. 505 (Hestsannáll); III, bls. 303 (Eyrarannáll), IV, bls. 303 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 283.

Magnús: Brenndir 2 menn á alþingi. Böðvar Þorsteinsson frá Jökli og Páll Oddsson af Vatnsnesi í Húnavatnssýslu, „hvor eð rigðtaður var af margra persóna veikleika og dauða, enn villde þó eckert meðkenna.“

Alþingisbækur: Í lögréttu á Öxárþingi var tekið fyrir mál Páls Oddsonar. Sýslumaðurinn Guðbrandur Arngrímsson hafði tekið málið fyrir í héraði.

Auðkenni/ID = 95

Böðvar Þorsteinsson, 1674: Annálar Magnúsar, bls. 149; Annálar I, bls. 385; II, bls. 235 (Fitjaanáll) og bls. 505 (Hestsannáll); III, bls. 303 (Eyrarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 279.

Magnús: Brenndir 2 menn á alþingi. Böðvar Þorsteinsson frá Jökli og Páll Oddsson af Vatnsnesi í Húnavatnssýslu, „hvor eð rigðtaður var af margra persóna veikleika og dauða, enn villde þó eckert meðkenna.“

Alþingisbækur: Á Öxarárþingi var tekið fyrir mál Böðvars Þorsteinssonar er tekið hafði verið fyrir að Ingjaldshóli í Neshreppi og undirskrifað af valdsmanninum Jakobi Benedikssyni. Árni Ámundason hafði í Gufuskálum í Neshrepp, þar sem Böðvar var búðarmaður, spurt Böðvar hvort hann vildi ekki meðkenna að hann hefði með fjölkynngi og óleyfilegum meðölum hindrað afla og fiskibrögð á skipi sira Björns Snæbjörnssonar. Böðvar játaði. Hann meðkenndi þetta líka á Öxarárþingi 29. júní og var dæmdur til dauða. Var brenndur 3. júlí.

Auðkenni/ID = 97

Lasse Diðriksson, 1675: Annálar Magnúsar, bls. 156; Annálar I, bls. 386 (Vallaanáll); II, bls. 237 (Fitjaannáll), bls. 454 (Kjósarannáll), 507 (Hestsannáll); III, bls. 305 (Eyrarannáll), 433 (Annálsgreinar Árna á Hóli); IV, bls. 304 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 314.

Magnús: Brenndur Lasse Diðriksson, 70 að aldri, er kennt var veikleiki Björns Pálssonar, síra Halldórs Pálssonar, Egils Helgasonar, en hann vildi ekkert viðurkenna fyrir dauðann.

Sjávarborgarannáll: Brenndur Lassi á alþingi að sakalittu að sumir héldu. Kom tórmikil rigning á Alþingi svo bálið vildi þrisvar slokkna.

Alþingisbækur: 29. júní í Öxarárþingi í lögréttu var tekinn fyrir héraðsdómur er hafði gengið á Fífustöðum í Arnarfjarðardölum um galdramálefí Lassa Diðrikssonar. Valdsmenn í Barðastrandarsýslu, Eggert Björnsson og Björn Gíslason létu auglýsa málið. Málið hafði verið sett undir „endilega úrlausn og dómsályktun herra Þorleifs Kortssonar lögmans, og hafði hann svo það mál síðan upp sett til þessa Öxarárþings.“ Lasse Diðriksson skyldi brennast „eftir forsvaranlegri tilsjón velnefndra kongs valdsmanna í Barðastrandarsýslu“. Lífstraffið lagt á 4. júlí.

Íslendingabók: Dóttir Lassa, Guðrún Lassadóttir var húsfreyja á Auðkúlu, Auðkúluhreppi 1703.

Auðkenni/ID = 98

Magnús Bjarnason, 1676: Annálar Magnúsar, bls. 56; Annálar III, bls. 305 (Eyrarannáll); IV, bls. 304 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 314.

Magnús: Brenndur í héraði Magnús Bjarnason er borinn var veikleika Helgu Halldórsdóttur í Selárdal. Alþingisbækur: Dauðadómsályktun Þorleifs Kortssonar lögmanns upp á Magnús Bjarnason eldra, galdramann er gerð var að Þingeyrum var samþykkt af lögmanninum Sigurði og lögréttumönnum.

Auðkenni/ID = 99

Bjarni Bjarnason, 1677: Annálar Magnúsar, bls. 165; Annálar II, bls. 245 (Fitjaannáll), bls. 510 (Hestsannáll); III, bls. 309 (Eyrarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 368.

Magnús: Brenndur á Alþingi Bjarni Bjarnason frá Breiðadal í Önundarfirði úr Ísafjarðarsýslu, fyrir galdra og gjörningum mönnum og fé.

Alþingisbækur: Í lögréttu las valdsmaður í Ísafjarðarsýslu upp tvo héraðsdóma gengna á Mosvöllum við Önundarfjörð um galdraáburð Bjarna Jónssonar undir Hesti og konu hans Ingibjargar Pálsdóttur á hendur Bjarna Bjarnasonar eldri í Berjadal. Bjarni Bjarnason hafði fallið á tylftareið. Málið var sett undir úrskurð og atkvæði Þorleifs Kortssonar. Bjarni Bjarnason skyldi brenndur með tilsjón Páls Torfasonar á hentugum tíma. Straffið var lagt á 4. júlí.

Eyrarannáll: Bjarni var vel sextugur

Fitjaannáll: Tveir menn brenndir fyrir galdra, annar frá Vestfjörðum, Bjarni Bjarnason en hinn úr Borgarfirði, Þorbjörn Sveinsson (Grenjadals Tobbi) en hann hafði nýlega verið hýddur og merktur fyrir þjófnað.

Auðkenni/ID = 100

Þorbjörn Sveinsson, 1677: Annálar Magnúsar, bls. 165; Annálar II, bls. 510 (Hestsannáll); III, bls. 309 (Eyrarannáll) bls 305 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 366.

Magnús: Brenndur Þorbjörn Sveinsson úr Grenidal í Borgarfjarðarsýslu fyrir vestan Hvítá, fyrir galdra og gjörningum mönnum og féi.

Alþingisbækur: Í lögréttu á Öxaráþingi þann 30. júní auglýsti valdsmaðurinn Jón Sigurðsson yngri þann héraðsdóm er gengið hafði í Óskholti í Borgarfirði. Á Ósksholts manntalsþingi um vorið hafði Jón sýslumaður fundið skinnbuddu á Þorbirni, í hverri voru geymd 3 kver og skinnlengjur „þetta allt með óvenjulegum characteribus“. Seinna hafði Jón fundið útpárað talustykki í læstri hirslu Þorbjörns á Stóru-Skógum. Þorbjörn meðkenndi að hafa skrifað sumt af þessu. Þorbjörn var dæmdur til dauða og tekinn af lífi 4. Júlí.

Auðkenni/ID = 101

Bessi Eiríksson, 1677: Annálar Magnúsar, bls. 165; Annálar II, 509 (Hestsannáll); III. bls. 309 (Eyrarannáll); IV, bls. 305 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 367-8.

Magnús: Bessi Eiríksson var um veturinn hengdur norðanlands fyrir þjófnað, eftir úrskurði Þorleifs lögmans.

Alþingisbækur: Þorleifur Kortsson lét lesa í lögréttu þann úrskurð og ályktan sem hann hafði gert upp á dauðadóm Bessa Eiríkssonar fyrir þjófnaðarmál. Dómurinn var gerður 1676 á Þingeyrum og Sigurður Björnsson og lögréttumenn samþykktu þennan dóm.

Auðkenni/ID = 102

Þorlákur Þorsteinsson, 1677: Annálar Magnúsar, bls. 165; IV bls. 118 (Setbergsannáll), bls. 305 (Sjávarborgarannáll).

Magnús: Þorlákur Þorsteinsson var hengdur í Strandasýslu en hafði verið dæmdur í á Kirkjubólspingi í Steingrímsfirði.

(Fjallað um beinafund á Stað í Steingrímsfirði í Kuml og Haugfé 2. út. bls. 120).

Auðkenni/ID = 103 & 104

Guðrún Bjarnadóttir og Bjarni Halldórsson, 1678: Annálar II, bls. 247 (Fitjaannáll), 512 (Hestsannáll); IV, bls. 119 (Setbergsannáll), 302 og 306 (Sjávarborgarannáll); Aþingisbækur VII, bls. 410-11.

Fitjaannáll: „Í Eyrarsveit átti maður barn með dóttur sinni framhjá konu sinni; þau bæði réttuð.“

Aþingisbækur: Valdmaðurinn Jakob Benediktsson lét lesa þennan héraðsdóm um málefni Guðrúnar Þórðardóttur, móður Guðrúnar og einginkonu Bjarna. Guðrún Þórðardóttir meðkenndi meðferðina á barni dóttur sinnar, sem var með litlu lífsmarki og borið út af Bjarna. Þar sem Guðrún Þ. var gömul og veikburða, auk þess sem hún var „sturluð á nokkurn hátt í sinnu samvizku“, fékk hún mildari dóm. Guðrún Þ. „hafði ei veitt því sinnar dóttur barni svo skikkanlega vöktun og þjónustu sem einni rétttri yfirsetukonu hefði annars borið sökum þess svo stórkostlega skelfilegs og hennar samvizku viðbjóðslegs tilferlis“. Guðrún var dæmd til líkamlegrar refsingar sem þótti viðeigandi og bærileg miðað við aldur hennar. Guðrún Bjarnadóttir: „er í opinberri blóðskömm og barneign augljós varð með sínum holdlegum föður Bjarna Hallssyni.“

Sjávarborgaranáll: Bjarni og Guðrún báru saman út barnið.

Auðkenni/ID = 105 & 106

Eyvindur Jónsson og Margrét Símonaróttir, 1678: Annálar Magnúsar, bls. 167; Annálar II, bls. 427 (Fitjaannáll), bls. 512 (Hestsannáll); III bls. 309-10 (Eyrarannáll); IV, bls. 306 (Sjávarborgarannáll); Aþingisbækur VII, bls. 403.

Magnús: Eyvindur Jónsson og Margrét Símonardóttir réttuð á alþingi fyrir hórdóma og útilegu. Henni drekkst en hann höggvinn.

Fitjaannáll: Giftur, „hljóp úr Ölfusi með annars konu vestur, og töldu sig fyrir ektahjón; náðust, voru húðstrýkt og aðskilin. Þau tóku sig aptur saman, lögðust út í Henglafjöllum, náðust og voru réttuð“.

Aþingisbækur: Valdsmaðurinn Jón Vigfússon lét í lögréttu lesa þann héraðsdóm er hann hafði látið ganga að Bakkarholti í Ölvesi og Árnessýslu 1677 um Margréti og Eyvind. Á Bakkarholtsþingi höfðu þau verið dæmd til refsingar fyrir hórdómsbrot auk þess sem Óluf Jónsson Klou auglýsti að þau hefði tekið út líkamlegar refsingar í Kópavogi fyrir útileguna. Voru þau þá afleyst og tók eignikona Eyvinds hann aftur í

hjónaband. Þá höfðu þau fallið aftur. Náðst þar sem þau héldu til í hreysi undir bjargskúta nokkrum við Ölvesvatn og voru fangelsuð á heimili valdsmannsins Stórolfshvoli. Þau voru svo flutt á Öxaráþing þar sem þau viðurkenndu hórdómsbrot sín og útileguþjófnað. Dæmd til dauða. Lífstraffið lagt á 3. júlí.

Auðkenni/ID = 107

Stephán Grímsson, 1678: Annálar Magnúsar, bls. 167; Annálar II, bls. 512 (Hestsannáll); III, bls. 310 (Eyrarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 405.

Magnús: Brenndur Stephán Grímsson í Húnavatnssýslu.

Alþingisbækur: Lögmannsúrskurður var lesinn upp í lögréttu um galdramál og lífsstraff Stefáns Grímssonar í Húnavatnspingi. Lögþingismenn samþykktu dauðadómsályktun Þorleifs Kortssonar.

Auðkenni/ID = 108 & 109

Þuríður Ólafsdóttir og Jón Helgason/Þórðarson, 1678: Annálar Magnúsar, bls. 167; Annáll I, bls. 386 (Vallaannáll), bls. 550 (Mælifellsannáll); II, bls. 247 (Fitjaannáll), bls. 512 (Hestsannáll); Alþingisbækur VII, bls. 405.

Vallaannáll: Brennd mæðgin, Þuríður (Ólafsdóttir) og sonur hennar (Jón Helgason) á Vestfjörðum.

Mælifellsannáll: Brennd á Vestfjörðum Þuríður Ólafsdóttir og sonur hennar Jón. Hún hafði verið alla sína daga í Skagafirði og aldrei dreift við galdur, en veikfyrst til veru vestur vorið 1677. Sonur hennar sakaði hana um að hafa „farið yfir vatnsföll öll norðan fyrir utan hesta eða ferjur, og brúkað galdur til, og svo hefði hún galdra með að fara. Var lygum hans trúað og síðan tekin bæði og brennd, hvað hann meinti, eigi mundu verða.“

Magnús: Brennd norðlensk mæðgin, Þuríður og Jón Þórðarson í Barðarstrandasýslu, „valldande veikleikaí Selárdal.“

Alþingisbækur: : Lögmannsúrskurður var lesinn upp í lögréttu um galdramál og lífsstraff mæðgina í Barðastrandarsýslu. Lögþingismenn samþykktu dauðadómsályktun Þorleifs Kortssonar.

Auðkenni/ID = 110

Árni Jónsson, 1679: Annálar Magnúsar, bls. 1679; Annálar II, bls. 509 (Hestsannáll); III, bls. 307 (Eyrarannáll); IV, bls. 117 (Setbergsannáll); Alþingisbækur VII, bls. 337.

Magnús: hengdur Árni Jónsson í Borgarfjarðarsýslu eftir útskurði Hr. Sigurðar lögmanns.

Alþingisbækur: Málið var tekið fyrir á Öxárþingi 1676. Dauðadómurinn staðfestur af Þorleifi lögmanni og lögréttumönnum. Sigurður Jónsson hafði tekið það fyrir í héraði.

Auðkenni/ID = 111 & 112

Hergerður Brandsdóttir og Sæmundur Þorláksson, 1680: Annálar I, bls. 554 (Mælifellsannáll); II, bls. 254 (Fitjaanáll), bls. 516 (Hestsannáll); III, bls. 313 (Eyrarannáll), bls. 475 (Grímstaðaanáll); IV, bls. 122 (Setbergsannáll), bls. 307 (Sjávarborgarannáll). Manntal 1703. Ranvellingabók. Annáll Magnúsar Magnússonar, bls. 169; Alþingisbækur VII, bls. 486-87.

Alþingisbækur: Dómur Sæmundar á Öxárþingi. Sýslumaður Gísli Magnússon. Lögmaður var Sigurður Björnsson. Sæmundur viðurkenndi fyrir sýslumanns-og lögmannsdómi að hann hefði eignast barn með Hergerði og grafið það í öðru húsi og leynt því. Sagðist ekki hafa vitað til þess að barnið hafi með lífsanda verið. Sæmundur var dæmdur til dauða, „hver honun einn eftir lagaskyldunni prest fái, kristilegar fortölur veiti til iðrunar og huggunar, hvar til góður guð virðist sína náð leggja í nafni Jesú Kristi“. 7. júlí 1680 var Sæmundur hálshöggvinn með öxi er sýslumaðurinn Einar Þorsteinsson hafði sent lögþinginu sent og gefið eftir tilmælum Sigurðar B. „Og á hún nú hér eftir lögþinginu að fylgja“.

Mælifellsannáll: maður höggvinn á alþingi sem átti barn með skyldmenni sínu og gróf það í útihýsi.

Eyraranáll: Sæmundur vissi ekki hvort barnið fæddist lifandi eða dautt. Hergerður var réttuð heima í Rangárvallasýslu.

Annáll Magnúsar: Hergerður réttuð í héraði

NB: Már Jónsson segir að Hergerður hafi verið tekin af lífi í héraði en nafnið Hergerður Brandsdóttir er að finna í manntali 1703; sú Hergerður var útlæg úr Rangárvallasýslu að 4. frillulífsbroti og gisti í Fúluvík í Romshvalaneshreppi.

Auðkenni/ID = 113

Porkell Sigurðsson, 1681: Annálar Magnúsar, bls. 171; Annálar I, bls. 390 (Vallaannáll); II, bls. 257 (Fitjaannáll), bls. 518 (Hestsannáll); III, bls. 316 (Eyrarannáll), bls. 476 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 308 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 525.

Magnús: Hengdur á alþingi Þorkell Sigurðsson, „er oft hafðe hier um Vestfirður stelande og liúgande flackað sem og annarstaðar, ættaður úr Eiafirðe og 5 ár böðull Hrólfs Sigurðssonar verið, fangaður í Skaftafells síslu og með dóme til alþingis fluttur.“

Alþingisbækur: Í lögréttu á Öxarárþingi var lesinn dómur úr Skaftafellssýslu um Þorkel Sigurðsson sem hafði gengið um austur í Múlasýslu, á Vestfjörðum og á Norðurlandi og logið og stolið. Ákæra í 9 liðum. Þorkell var dæmdur til dauða. Hann átti að hengja á Öxárþingi eftir tilhlutan valdsmanna í Skaftafellspingi, valsmaðurinn Bjarni Eiríksson áti að útvega prest.

Vallannáll: Hengdur á alþingi Lyga-Þorkell, illfrægur umhleytingur.

Auðkenni/ID = 114

Þorgeir Ingjaldsson, 1681: Annálar Magnúsar, bls. 17; Annálar I, bls. 390 (Vallaannáll), bls 459 (Kjósarannáll); II, bls. 518 (Hestsannáll); III, bls. 158 (Vatnsfjarðarannáll yngri), bls. 476 (Grímsstaðaannáll); Alþingisbækur VII, bls. 533.

Magnús: Höggvinn á alþingi Þorgeir Ingjaldsson sem hafði hlaupið burt úr Árnassýslu „eiginngiftur með annars mans eigin konu Þurríðe Jónsdóttur.“ Hann var fangaður í Stapasýslu hvar Magnús var sýslumaður.

Alþingisbækur: Færður til lögréttu í jánnum Þorgeir Ingjaldsson af valdsmanninum Jóni Vigfússyni. Þorgeir hafði verið fangaður í Snæfellssýslu. Hafði strokið frá eigninkonu sinni Guðrúnu Jónsdóttur úr Árnessýslu 1679. Með í för var Þuríður Jónsdóttir er var gift Ormi Klængssyni. Á þinginu viðurkenndi Þorgeir hórdómsbrot sín með Þuríði. Hélt því fram að Þuríður hefði verið skilin við mann sinn. Hann var dæmdur til dauða eftir tilsjón Jóns Vigfússonar. Strafið var lagt á þann 5. júlí.

Auðkenni/ID = 115

Ari Pálsson, 1681: Annálar Magnúsar, bls. 171; Annálar I, bls. 390 (Vallaannáll) og bls. 556 (Mælifellsannáll); II, bls. 257 (Fitjaannáll), bls. 495 (Kjósarannáll), bls. 518 (Hestsannáll); III, bls. 308 (Eyrarannáll), bls. 476 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 123 (Setbergsannáll); Alþingisbækur VII, bls. 534-37.

Magnús: Ari Pálsson var brenndur en mál hans hafði staðið lengi yfir og komið til margra alþinga.

Alþingisbækur: Lesin í lögréttu ákæra Ara Pálssonar í 10 liðum. Hann var dæmdur til dauða eftir löglegri tilhlutan sýslumannsins Andrésar Andréssonar og löfréttumannsins Þórðar Björnssonar. Ari meðkenndi brotin og var tekinn af lífi 6. júlí. Espólín segir hann vera síðasta manninn sem brenndur var fyrir galdra á Íslandi.

Vallaannáll: Brenndur Ari Pálsson úr Arnarfirði vestan, fékk iðran.

Auðkenni/ID = 116

Loftur Sigurðsson, 1681: Annálar I, bls. 556 (Mælifellsannáll); II, bls. 258 (Fitjaannáll), bls. 518 (Hestsannáll); III, bls. 476 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 123 (Setbergsannáll), bls. 309 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 567.

Mælifellsannáll: Útilegubjófur, náðist af Hrútfirðingum við fyrirsátur suður með hóp fjár um haustið; hafði hann haldið við gifta konu og lagst út með henni og konu sinni. Voru þá með þeim þremur fimm börn þeirra. Loftur var færður valdsmönnum og höggvinn sama haust en seinni konan fékk húðlát.

Alþingisbækur: Á Öxaráþingi var auglýst dauðadómsályktun Lofts sem Magnús Jónsson hafði látið ganga á Berufjarðarþingi í desember 1681. Sigurður Björnsson lögmaður auglýsti sig með lögréttunni vera samþykkan ályktuninni

Grímstaðaannáll: Dæmdur til dauða á Beruþingi (Reykhólum?) og tekinn af lífi skömmu seinna.

Auðkenni/ID = 117 & 118

2 ónafngreindar persónur, 1682: Annálar Magnúsar, bls. 175; Annálar III, bls. 323 (Eyrarannáll).

Magnús: Réttáðar 2 manneksjur í Norðlendingafjórðungi fyrir förgun og hylmingu barns.

Auðkenni/ID = 119

Jón Pétursson, 1682: Annálar Magnúsar, bls. 172; Annálar I, bls. 391 (Vallaannáll); II, bls. 258 (Fitjaannáll), bls. 318 (Eyrarannáll); III, bls. 477 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 309 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 565.

Magnús: Jón Pétursson, ættaður úr Ísafjarðarsýslu, hengdur á Alþingi fyrir þjófnað á Stað í Steingrímsfirði.

Alþingisbækur: Á Öxaráþingi var tekið fyrir þjófnaðarmál Jóns Péturssonar af Vestfjörðum. Jón hafði verið færður á alþingi með dómi lagasagnarans Bjarna Þorleifssonar, gengnum að Mosvöllum við Önundarfjörð. Jón var sakaður um X ríxdala og eins 20 álna dals stuld frá Birni Pálssyni fyrir nokkrum árum og var honum þá dæmd refsing til XIII marka. Nú viðurkenndi að hafa stolið klæðispeysu frá Jóni Bjarnasyni og hest úr Steingrímsfirði. Jón Pétursson dæmdur af lífi fyrir tilhlutun sýslumannsins Péturs Pálssonar sem færði Jón á þingið. Lífstraffið lagt á 4. júlí.

Auðkenni/ID = 120

Jón Þorsteinsson, 1682: Annálar Magnúsar, bls. 172; Annálar II, bls. 258 (Fitjaannáll), bls. 460 (Kjósarannáll), bls. 519 (Hestsannáll); III, bls. 318-19 (Eyrarannáll), bls. 477 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 124 (Setbergsannáll), bls. 309 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 572.

Magnús: Jón Þorsteinsson höggvinn á Alþingi og Magnús og Jón Bjarnasynir strýktir fyrir morðið á Adrian Jensson Munck. Gísli Andrússon komst frá sökum ungdóms.

Alþingisbækur: Á Öxaráþingi kom fram dómur úr Ísafjarðarsýslu, genginn að Tungu í Skutulsfirði af Bjarna Þoleifssyni lögsagnara. Jón var fangaður í héraði og færður á Alþingi. Hann viðurkenndi að hafa valdið dauða Adrians en sagði það hafa verið óviljandi. Hann viðurkenndi einnig að hafa tekið nokkra fjármuni úr húsi Adrians ásamt förunautum sínum, Jóni Bjarnasyni, Magnúsi Bjarnasyni og Gísla Andrússyni (15 ára). Jón Þorsteinsson var dæmdur til dauða og skyldi höggvast á Öxaráþinginu með tilhlutun Torfa Magnússonar, upp á landfógetans betaling.

Auðkenni/ID = 121 & 122

Jón Vernharðsson (/Bernharðsson) og Þuríður Þorlákadóttir: Annálar Magnúsar, bls. 176; Annálar II, bls. 260-261 og 520 (Fitjaannáll og Hestsannáll); III, bls. 326 (Eyrarannáll); IV, bls. 125 (Setbergsannáll). Rangvellingabók.

Magnús: Réttáðar 2 persónur í Rangárvallasýslu fyrir förgun og hylmingu barns.

Fitjaannáll: réttuð fyrir barneignarleynd í meinbugum þó ekki í óbótamálum. Þuríður var systir Sæmundar frá Steinkrossi. Hann hálshöggvinn en henni dreggt.

Hestsannáll: „Á Þingskáláþingi í Rangárvallasýslu réttuð fyrir barneignarleynd í meinbugum, þó ekki í óbótamálum.“

Auðkenni/ID = 123

Helga Gunnarsdóttir, 1684: Annálar Magnúsar, bls. 181; Annálar I, bls. 400 (Vallaannáll), bls. 560 (Mælifellsannáll); II, bls. 265 (Fitjaannáll), bls. 522 (Hestsannáll); III, bls. 331 og 337 (Eyrarannáll), bls. 479 (Grímsstaðaannáll); Alþingisbækur VIII, bls. 15.

Magnús: Konu úr Strandasýslu var drekkt. Björn Höskuldsson, barnsfaðir hennar, flúði. Björn Höskuldsson í Hrútafirði í Strandasýslu féll með konu er bróðir hans hafði áður fallið með. Þau voru flutt til alþingis og henni var drekkt þar en hann flúði með því að konan náði lyklum og leysti handjárnnum og hann sjálfur fótjárnnum og svo stal hann hesti og reið til Vestfjarða hvaðan hann sigldi með ensku varðskipi.

Alþingisbækur: Björn Höskuldsson og Helga Gunnarsdóttir voru bæði dæmd til dauða því þau eignuðust barn og Helga hafði áður eignast barn með Páli Höskuldssyni, bróður Björns. Á Öxarárþingi kom Pétur Pálsson fram með þann héraðsdóm er hann hafði látið ganga að Bæ við Hrútafjörð.

Vallaannáll: Drekk Helgu Gunnarsdóttur úr Strandasýslu er hafði átt börn með bræðrum. Sá fyrri hét Páll, sá seinni Bjarni og var einnig dæmdur til dauða en slapp.

Auðkenni/ID = 124

Vilkin Árnason, 1684: Annálar Magnúsar, bls. 179 og 181; Annálar I, bls. 560 (Mælifelssannáll); II, bls. 265 (Fitjaannáll) og bls. 522 (Hestsannáll); III, bls. 332,336, 336 (Eyrarannáll), bls. 479 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 126 (Setbergsannáll); bls 310 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 583; VIII, bls. 8.

Magnús: Vilckinn Árnason hengdur á alþingi fyrir þjófnað 1684. Slapp en náðist aftur.

Alþingisbækur VII: auglýst eftir Vilkin sem hafði flúið; VIII: Vilkin náðist aftur. Í lögréttu var auglýstur héraðsdómur sem gengið hafði að Berufirði í Reykhólahrepp og Barðastrandarsýslu. Vilkin dæmdur til dauða.

Auðkenni/ID = 125

Sveinn Árnason, 1683: Annálar II, bls. 261 (Fitjaannáll), bls 521 (Hestsannáll); III, bls. 171 (Annálgreinar frá Holti), 334-35 (Eyrarannáll); Alþingisbækur VIII, bls. 9.

Alþingisbækur: Lesinn process sem gerður hafði verið í máli Sveins Árnasonar úr Ísafjarðarsýslu og dauðadómsályktun Magnúsar Jónssonar yfir honum samþykkt.

Annálgreinar frá Holti: Sveinn brenndur á Nauteyri eftir þing þar afstaðið árið 1683.

Auðkenni/ID = 126

Guðrún Jónssdóttir, 1684: Annálar I, bls. 400 (Vallaannáll); bls. 560 (Mælifellsannáll); II, bls. 265 (Fitjaannáll), bls. 522 (Hestsannáll); III, bls. 479-80 (Grímsstaðannáll); IV, bls. 310-311 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls.137-38.

Alþingisbækur: Guðrún Jónsdóttir kom í lögréttu og sagðist hafa fætt andvana barn á túninu fyrir sunnan kirkjuna á Bessastöðum og að örn hefði gripið það. Hún sagðist hafa haldið þessu leyndu í mánuð. Hún lýsti Knút Pétursson undirkaupmann í Hafnarfirði faðir barnsins. Dæmd á alþingi.

Grímsstaðannáll: Gerði góða iðran.

Sjávarborgarannáll: Drekk á alþingi, 1684.

Auðkenni/ID = 127

Sigvaldi Jónsson, 1684: Annálar Magnúsar, bls. 181; Annálar I, bls. 400 (Vallaannáll) og bls. 560 (Mælifellsannáll); II, bls. 265 (Fitjaannáll), bls. 462 (Kjósarannáll) og bls. 522 (Hestsannáll); III, bls. 331 og 336-337(Eyrarannáll), bls. 480 (Grímsstaðannáll); Alþingisbækur VIII, bls. 38.

Magnús: Höggvinn maður úr Rangárvallasýslu.

Alþingisbækur: Mál Sigvalda Jónssonar var borið upp af lögmönnunum Sigurði Björnssyni og Magnúsi Jónssyni. Héraðdómur hafði undur útnefnd valdsmannsins Gísla Magnússonar gengið að Krossi í Austur-Landeyjum (Krossþing) og að Lambeyjar þriggja hreppa þing (Lambeyjardómi). Sigvaldi sakaður um að vera valdur að dauða Ólafs Narfasonar og dæmdur til dauða.

Auðkenni/ID = 128

Halldór Finnbogason, 1685: Annálar I, bls. 403 (Vallaannáll); bls. 564 (Mælifellsannáll); II, bls. 270-71 (Fitjaannáll), bls. 472 (Kjósarannál) bls. 523 (Hestsannál); III, bls. 481(Grímsstaðaannáll), V, bls. 281 (Desjarmýrarannáll).

Vallaannáll: Brenndur Halldór Finnbogason úr Borgarfirði er kallaður var Grágunnuson, fyrir margfalda guðlöstun.

Desjarmýrarannáll: Brenndur á lögþinginu.

Auðkenni/ID = 129

Jón Þorláksson, Ólöf Sigurðardóttir, Vilborg Vigfúsdóttir, 1686: Annálar I, bls. 566 (Mælifellsannáll); II, bls. 525 (Hestsannáll); III, bls. 484 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 128 (Setbergsannáll); bls. 313 (Sjávarborgarannáll); V, bls. 281 (Desjarmýrarannáll); Alþingisbækur VIII, bls.105-107.

Alþingisbækur: Jón á Barðanesi í Norðfirði gerðists sekur um hórdómsbrot með Ólöfu. Vilborg, eiginkona Jóns tók á móti barninu. Jón sveipaði andvana barninu í lín og gróf í gömlu bænhúsi á Barðnesi. Valdsmaður lét grafa barnið upp, þingsöfnuði og 2 erlegum kvenpersónum þótti líklegt að það hefði ekki fæðst andvana eins og Jón hélt fram. Vilborg og Ólöf kallaðar fyrir rétt og Vilborg viðurkenndi að barnið hefði fæðst lifandi en svo dáíð. Jón var dæmdur til dauða þar sem þetta var 3. brot hans en Ólöf og Vilborg dæmdar til að vinna lagatylftareið og til líkamlegra refsinga. Sýslumaður var Bessi Guðmundsson.

Grímsstaðaannáll: Ólöf var vinnukona Jóns. Jón höggvinn á alþingi og Ólöf skyldi sverja tylftareið í héraði og missti húðina.

Auðkenni/ID = 130

Borgný Brynjólfsdóttir, 1687: Annálar II, bls. 476 (Kjósarannáll), bls. 526 (Hestsannáll); III, bls. 172 (Annálsgreinar frá Holti), bls. 349 (Eyrarannáll), bls. 486 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 129 (Setbergsannáll).

Drekkt á alþingi fyrir að eiga barn með bróður sínum Torfa Brynjólfssyni, hann strauk og segir sagan að hann hafi haldist til í Jarðhúsi í Hjarðardal í Dýrafirði og dáíð þar. Á Íslendingabók segir að Torfi hafi verið hálfbróðir hennar.

Auðkenni/ID = 131

Einar Gíslason, 1691: Annálar II, bls. 531 (Hestsannáll); III, bls. 489 (Grímsstaðaannáll).

Grímsstaðaannáll: Maður hengdur undir Snæfellskökli fyrir stuld við Hellna. Dæmdur við Fróðá á þriggja hreppa þingi. Hengdur í Bugsklettum en grafinn við Fróðá eftir því sem hann sjálfur bað um lifandi.

Auðkenni/ID = 132

Eiríkur Gíslason, 1691: Annálar IV, bls. 132 (Setbergsannáll).

Setbergsannáll: Stal á Álptanesi, var síðan stríktur og markaður. Stal síðar undir Jökli og var hengdur.

Auðkenni/ID = 133

Ónafngreindur maður, 1693: III, bls. 371 (Eyrarannáll).

Eyrarannáll: Á alþingi var maður úr Múlasýslu hengdur.

Auðkenni/ID = 134

Ónafngreindur maður, 1693: Annálar II, bls. 297 (Fitjaannáll) og bls. 535 (Hestsannáll); III, bls. 492 (Grímsstaðaannáll).

Hestsannáll: Maður úr Árnessýslu hengdur fyrir þjófnað.

Auðkenni/ID = 135

Puríður Bjarnadóttir og Bjarni Jónsson, 1696: Annálar II, bls. 318 (Fitjaannáll); III, bls. 377 og 381 (Eyrarannáll); IV, bls. 141 (Setbergsannáll); Alþingisbækur VIII, bls. 500-501 og 503.

Alþingisbækur: Öxarárþing 4. júní 1695. Þuríður sökuð um blóðskömm og barneign með föður sínum Bjarna Jónssyni úr Ísafjarðarsýslu og að hafa fargað barninu. Lögréttumaðurinn Ólafur Árnason lögréttumaður settur Þuríði til forsvars. Þuríður hélt því fram að „hún hafi nauðug verið , og þar af milli hennar og hennar föðurs ósamþykki risið. En með því þessi Þuríður hvorki nauðunginni að lögum lýsti né heldur í sínum barnsburði tilheyrilega meðala leitaði, svo frá dulsmáli mætti frí verða“ skyldi henni drekkt. „þetta straff sé sýslumaðurinn Páll Torfason skyldugar á leggja“. Lífstraffið var lagt á 2 dögum seinna. Á þinginu var einnig auglýst eftir Bjarna sem hafði flúið árinu fyrr.

Auðkenni/ID = 136

Vigdís Þórðardóttir, 1696: Annálar II, bls. 539 og 541 (Hestsannáll); IV, bls. 142 og 147 (Setbergsannáll) og 316 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VIII, bls. 537-38.

Alþingisbækur: 1 júlí. 1696 var upp lesin í lögréttu mál sem valdsmaðurinn Jón Eyjólfsson hafði tekið saman í Kjósarsýslu. Vigdís viðurkenndi að hún væri móðir barns sem hefði fundist látið í vatsnlind á Ingunnarstöðum í Brynjudal 1695. Hún lýsti Einar Jónsson heimilismann þar föður barnsins en sagði að hann hefði ekki verið með í verkum. Hún hafði svo nýlega eignast annað barn og einnig lýst Einar faðir þess.

Hestsannáll, 541: Vigdís var réttuð á Kjalarnesþingi.

Setbergsannáll, 147: Vigdís var vinnukona. Vigdís eignaðist barn litlu fyrir alþingistíma og lá á sæng. Því var hún dæmd í Kópavogi og réttuð í Elliðaá. 142: Barnið fannst í léreftspoka.

Fjallað um mann með nafnið Einar Jónsson í Alþingisbækur VIII, bls. 501: dæmdur til líkamlegrar refsingar til XIII marka á Öxarárþingi vegna dulsmáls. Mögulega sami Einar?

Auðkenni/ID = 137

Jóreiður Þorgerisdóttir, 1697: Annálar I, bls. 583 (Mælifellsannáll); IV, bls. 316 (Sjávarborgarannáll); bls. 543 (Hestsannáll); Alþingisbækur IX, bls. 9-10.

Alþingisbækur: Dómur sýslumannsins í Árnessýslu, Vígfúsa Hannessonar, lesinn 29. júní 1697 í lögréttu almennilegu Öxarár Alþingi. Héraðsþing hafði gengið að Bakkárholti í Ölvesi 1696. Jóreiður lýsti Ásbjörn ábúanda á Gljúfurárholti barsföður og sagðist hafa látið hann hafa andvana barnið sem hann hafði lofað að grafa í kirkjugarð. Ásbjörn neitaði meðvitund og meðtöku á barnslíkamanum. 1. júlí var Jóreiði drekkt í Öxará.

Sjávarborgarannáll: Jóreiður í Ölvesi suður átti í síðustu viku sumars andvana barn, geymdi í nokkra daga og fékk það Ásbirni Jónssyni, hvern hún lýsti barnsföður. Þessu neitaði hann fyrir þingi en henni var drekkt á alþingi.

Auðkenni/ID = 138

Jón Jónsson Gráni, 1697: Annálar I, bls. 571 (Mælifellsannáll); Alþingisbækur IX, bls. 11.

Mælifellsannáll: Jón, tvítugur maður, hengdur á alþingi fyrir þjófnað.

Auðkenni/ID = 139

Sigurður Skúlason, 1697: Annálar I, bls. 571 (Mælifellsannáll); Alþingisbækur IX, bls. 12-13.

Mælifellsannáll: 1697, 16-17 vetra, hengdur á alþingi fyrir þjófnað.

Auðkenni/ID = 140 & 141

Ólafur Brandsson og Þorsteinn Þorleifsson, 1697: Annálar I, bls. 583 (Mælifellsannáll); II, bls. 543 (Hestsannáll); III, bls. 494 (Grímsstaðaannáll); Alþingisbækur IX, bls. 16-17.

Mælifellsannáll: Hálshöggur á Alþingi Ólafur Brandsson og Þorsteinn Þorleifsson er myrt höfðu Jón Ólufarson („því móðir hans hafði kennt hann fjórum, var því kenndur við hana“).

Hestsannáll: Voru þeir úr Saurbæ vestur.

Auðkenni/ID = 142

Guðrún Oddsdóttir, 1698: Annálar I, bls. 584 (Mælifellsannáll); II, bls. 544 (Hestsannáll); III, bls. 393 (Eyraranáll) og bls. 505 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 151-52 (Setbergsannáll); ÞÍ. Sýsl. Gullbr. IV-1, bls. 20-22 og 27-29. Már Jónsson, 2000.

Eyraranáll: Átti kona barn á Suðurnesjum, setti í óþæfðan sokk og kastaði á sjó, hvert látið upprak.

Setbergsannáll: Móðir barnsins sem rak á land var sonardóttir Gvöndar Narfasonar í Kílhrauni (sem var tekinn af lífi fyrir morð). Konan tekin og líflátin.

Hestsannáll: Kona réttuð að Kópavogi af Suðurnesjum.

Mælifellsannáll: 1697, í Höfnum suður fannst látið barn í flæðarmáli og var það eignað vinnukonunni þar syðra. Hún var tekin og réttuð eftir jól um veturinn (1698).

Grímsstaðaannáll: Konu úr Höfnum drekkt í Kópavogi.

Auðkenni/ID = 143 & 144

Sigurður Jónsson og Halldór Dagsson, 1689: Annálar I, bls. 585 (Mælifellsannáll); III, bls. 506 (Grímsstaðaannáll).

Mælifellsannáll: Tveir þjófar dæmdir til dauða af Gottrup lögmanni, Sigurður Jónsson og Halldór Dagsson. Þeir hengdir vestra í gílinu hjá Melrakkadal.

Grímsstaðaannáll: Þeir voru úr Hegraness- og Vöðlusýslu.

Auðkenni/ID = 145

Jón Sigmundsson, 1699: Annálar I, bls. 433 (Vallaannáll); III, bls. 507 (Grímsstaðaannáll); Alþingisbækur IX, bls. 93-94.

Vallaannáll: Hengdur á alþingi við Öxará Jón Sigmundsson að vestan, fékk iðran.

Alþingisbækur: Jón úr Snæfellssýslu.

Grímsstaðaannáll: Tveir þjófar hengdir þetta sumar (Jón og Steingrímur Helgason?).

Auðkenni/ID = 146

Steingrímur Helgason, 1699: Annálar I, bls. 434 (Vallaannáll), bls. 336 (Fitjaannáll), bls. 588 (Mælifellsannáll); II, bls. 547 (Hestsannáll); III, bls. 175 (Annálsgreinar frá Holti), bls. 401 (Eyrarannáll), bls. 501 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 303, 315 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur IX, bls. 94-94 og 121-122.

Vallaannáll: Hengdur Steingrímur Helgason gamall stórbjófur er flúið hafði af alþingi eftir dauðadóm. Tekinn norður í Víðidal og færður til Þingeyra, hengdur í Gálgagili.

Mælifellsannáll: dæmdur til að hengjast á alþingi Steingrímur Helgason. Slapp af þinginu. Náðist aftur í Húnavatnspingi af Þórarni bónda sem flutti hann til Þingeyra til lögmannsins Gottorps sem léta hengja hann skömmu síðar og brenna kroppinn.

Auðkenni/ID = 147

Þorleifur Jónsson, 1700: Annálar I, bls. 436 (Vallaannáll), bls. 591 (Mælifellsannáll); III, bls. 507 (Grímsstaðaannáll).

Vallaannáll: Hengdur á Gálgagili Þorleifur Jónsson úr Skagafirði 17. janúar.

Auðkenni/ID = 148

Sveinn Halldórsson, 1700: Annálar I, bls. 436 (Vallaannáll), bls. 591 (Mælifellsannáll); II, bls. 547 (Hestsannáll); III, bls. 507 (Grímsstaðaannáll); Esp. VII, bls. 65.

Esp: Tekinn af lífi 1699.

Vallaannáll: 1700, hengdur í Gálgagili Sveinn Halldórsson úr Borgarfirði, hann hafði sloppið frá þeim sem færðu hann að aftökustaðnum, hlaupið í Víðidalsfjall upp frá gilinu og náðst aftur með afreki.

Mælifellsannáll: Hengdur maður úr Borgarfirði er hafði smíðað sér lykla og komst þannig í hvert hús.

Auðkenni/ID = 149

Andrés Þórðarson, 1700: Annálar I, bls. 440 (Vallaannáll); III, bls. 406 (Eyrarannáll); Alþingisbækur IX, bls. 145-46.

Vallaannáll: 1700, hengdur Andrés Þórðarson úr Borgarfirði.

Eyrarannáll: Var sextugur.

Auðkenni/ID = 150

Jón Eyjólfsson, 1701: Annálar I, bls. 443 (Vallaannáll).

Vallaannáll: Hengdur maður í Gálgagili, Jón Eyjólfsson úr Vöðlasýslu.

Auðkenni/ID = 151

Lafrans Helgason, 1701: Annálar I, bls. 443 (Vallaannáll); bls 168 (Setbergsannáll); II, bls. 344 (Fitjaannáll).

Vallaannáll: Dæmdur til dauða á Bakkarholtsþingi í Ölfusi Lafrans Helgason, þar sveitamaður búandi í Hjallahverfi, er viðurkenndi að hafa myrt konu sína. Hann var höggvinn þar á þinginu og bróðir konu hans hjó hann.

Auðkenni/ID = 152

Ásmundur Jónsson, 1701: Annálar I, bls. 445 (Vallaannáll); II, bls. 344 (Fitjaannáll), bls. 550 (Hestsannáll); III, bls. 400 og 411 (Eyrarannáll); III, bls. 516 (Grímsstaðaannáll); Alþingisbækur IX, bls. 151, 169-70, 190.

Vallaannáll: Hengdur á alþingi.

Alþingisbækur: Úr Dalasýslu, hengdur fyrir þjófnað og fyrir að strjúka úr járnum. Sýslumaður í Strandasýslu Jón Magnússon gekk að Hjarðarholti en dómurinn staðfestur á Alþingi.

Auðkenni/ID = 153

Jón Jónsson (Bitru-Jón), 1701: Annálar I, bls. 445 (Vallaannáll); II, bls. 344 (Fitjaannáll), bls. 550 (Hestsannáll); III, bls. 516 (Grímsstaðaannáll); Alþingisbækur, bls. IX, bls. 118-119.

Vallaannáll: Hengdur á alþingi.

Alþingisbækur: Valdsmaðurinn Rögnvaldur Sigmundsson lét héraðsdóm gang að Broddanesi.

Auðkenni/ID = 154-161

Ásmundur Marteinson og 7 ónafngreindir menn, 1702: Annálar I, bls. 597 (Mælifellsannáll); II, bls. 346 (Fitjaannáll), bls. 551 (Hestsannáll); III, bls. 417 (Eyrarannáll); Esp. VII, bls. 78; Alþingisbækur IX, bls. 198.

Mælifellsannáll: 1702, hengdir 3 þjófar á Suðurnesjum.

Fitjaannáll: Einn hengdur á alþingi og tveir í Gullbringusýslu.

Hestsannáll: 3 menn hengdir í Gullbringusýslu fyrir þjófanð.

Alþingisbækur: Ásmundur Marteinson hengdur á alþingi. Hann var frá Vopnafirði.

Esp: 3 hengdir í Gullbringusýslu, 4 aðrir syðra og vestra, 1 fyrir norðan.

Auðkenni/ID = 162

Ólafur Jónsson, 1702: Annálar I, bls. 597 (Mælifellsannáll); II, bls. 551 (Hestsannáll).

Mælifellsannáll: 1702, hengdur þjófur í Borgarfirði.

Auðkenni/ID = 163

Katrín Þorvarðsdóttir, 1703: Annálar I, bls. 600 (Mælifellsannáll), 451 (Vallaanáll); II, bls. 350 (Fitjaanáll), bls. 553 (Hestsannáll); III, bls.420 (Eyrarannáll), bls. 523 (Grímsstaðaannáll); Alþingisbækur IX, bls. 221-22.

Esp. 1912. Manntal 1703. Borgfirzkar æviskrár.

Alþingisbækur: 10. júlí 1703. Á Öxárþingi var upplesinn í dómréttu dómur valdmannsins í Þverárþingi, Jóns Sigurðssonar. Katrín hafði viðurkennt 18. maí að Heynesi á Akranesi að hafa fætt andvana barn og geymt hjá sér í mánuð án þess að neinn vissi. Sagðist hún hafa verið skert og brjáluð að viti og rænu „sem þó ekki sannferðuglega hér fram kemur, að hún vitskert verið hafi um sjálfan barnsfæðingartímann, svo hún þar fyrir hefði ei kunnað kristilegra meðala að leita“. Lýsti hún Auðunn Sigurðsson faðir barnsins en að hann hafi ekki verið í samráðum eða-vitund. „Játandi það satt vera hér í lögréttu“- Katrín var greinilega til staðar á þinginu. Katrín dæmd til drekkingar „eftir Stóradómshljóðan“. Lífstraffið álagt 12. júlí, allmörgum viðverandi.

Mælifellsannáll: Katrín líflátin á alþingi. Auðunn var systursonur Sigurðar lögmanns Björnssonar. Katrín og Auðunn voru þremmenningar. Auðunn hafði tekið á móti andvana barninu, geymt það í hjalli sínu í nokkra daga, að vitund eins manns. Svo hafði hann látið grafa það í kirkju, samkvæmt ráðleggingum; flúði hann síðan.

Vallaanáll: Dæmd til dauða Katrín Þorvarðardóttir. Faðir barnsins var sonur Sigurðar Magnússonar og Ingibjörgu Bjarnadóttur. Hann hljóp frá Akranesi um vorið fyrir páska. Henni var drekkt á föstudegi, fyrir neðan lögréttuna; fékk hún kirkjuleiði og var grafin heima við Þingvöll.

Auðkenni/ID = 164 & 165

Jón Þórðarson og Jón Þorláksson, 1703: Annálar I, bls. 451 (Vallaanáll), bls. 600 (Mælifellsannáll); II, bls. 350 (Fitjaanáll); III, bls. 420 (Eyrarannáll); Alþingisbækur IX bls. 225, 226, 242.

Vallaanáll: Á alþingi voru þjófar hengdir, Jón Þórðarson ættaður úr Gnúpverjahrepp, Jón Þorláksson ættaður úr Landeyjum og Gísli Oddsson ættaður úr Hrunamannahreppi fylgdi þeim en var einungis hýddur. Þeir höfðu flakkað um og stolið. Þeir náðust og voru fluttir á Bessastaði og mál þeirra tekið fyrir á

Kópavogspingi. Svo fluttir til þings og Jónarnir hengdir en Gísli hýddur sökum aldurs.

Auðkenni/ID = 166

Gísli Einarsson, 1703: Annálar I, bls.451 (Vallaanáll), bls. 600 (Mælifellsannáll); II bls. 350 (Fitjaannáll); III, bls. 420 (Eyrarannáll) Alþingisbækur IX, bls. 224, 242.

Vallaanáll: Gísli nokkur Einarsson úr Borgarfjarðarsýslu hengdur á alþingi.

Alþingisbækur: Héraðsdómur fyrir tilskipan sýslumannsins Jóns Sigurðssonar í Þverárþingi.

Auðkenni/ID = 167

Jón Jónsson, 1703: Annálar I, bls. 451 (Vallaanáll), bls. 600 (Mælifellsannáll); II bls. 350 (Fitjaannáll); III, bls. 420 (Eyrarannáll); Alþingisbækur IX, bls. 199 og 216.

Vallaannáll: 1703, hengdur á alþingi, Jón Jónsson úr Ísafjarðarsýslu ungur að aldri.

Auðkenni/ID = 168

Klemens Þorgeirsson, 1703 - Annálar II, bls. 554 (Hestsannáll); IV, bls. 178 (Setbergsannáll).

Hestsannáll: Hengdur á Kjalarnesi.

Setbergsannáll: kallaður Clemus.

Auðkenni/ID = 169

Ingimundur Einarsson, 1704: Annálar I, bls. 469 (Vallaanáll).

Vallaannáll: 1704, hengdur í sjávarkvíum Ingimundur Einarsson hálfþrítugur ættaður úr Biskupstungum. Dæmdur á Esjubergspingi.

Auðkenni/ID = 170 & 171

Sigurður Arason og Steinunn Guðmundsdóttir, 1704: Annálar I, bls. 468-470 (Vallaannáll). Annálar II, bls. 353, bls. 555 (Hestsannáll); III, bls. 526 (Grímsstaðaannáll); bls 180 (Setbergsannáll).

Vallaannáll: Sigurður Arason og Steinunn Guðmundsdóttir voru tekin af lífi í Kópavogi. Steinunn og Sæmundur Þórarinsson eiginmaður hennar, grímsneskur að ætt, bjuggu að hálfum Árbæ við Elliðaár en Sigurður til móts við þau. Sigurður Arason viðurkenndi fyrir Páli Beyer að hafa hrint eigimanni Sigríðar, Sæmundi, niður Skötufoss að áeggjan Steinunnar. Níel Kier sýslumaður þingaði sitt fyrsta þing að Varmá í Mosfellssveit um þetta mál. Þar viðurkenndi Sigurður. Steinunn viðurkenndi einnig en treglega fyrst. Þau voru flutt á Seltjarnarnes og sátu þar í hálfan mánuð í járnum. Sigurður var lögmaður og var að austan. Hafði höggstaðurinn ávallt áður verið upp á hálsinum en drekk inn í Elliðaá syðri.“ Páll Beyer var við aftökuna og lét setja höfuð Sigurðar á stöng við gröf hans. Sigurður var 27, Steinunn 47 (oftalið um 2-3 ár skv. manntali 1703). Steinunn átti 3 börn, og hið yngsta, Berg (7/14 ára?), tók Páll Beyer.

Grímsstaðaannáll: “...sá hafði haldið við konuna , sem gípt var öðrum manni, og eptir hennar tileggjan drepið bónda hennar. ”

Auðkenni/ID = 172

Ónafngreind stúlka, 1704: Annálar I, bls. 602 (Mælifellsannáll).

Mælifellsannáll: 1704, um sumarið varð stúlka uppvís í Einarstaðarkirkjusókn í Reykjadal, að hafa eignast barn. Sýslumaður Halldór Einarsson tók hana undur rannsókn. Hún viðurkenndi að hafa fætt barn og kastað því í læk hjá seli því sem hún var í. Hún var dæmd frá lífi.

Auðkenni/ID = 173

Kolfinna Ásbjörnsdóttir, 1705: Annálar I, bls. 472 (Vallaannáll); II, bls. 556 (Hestsannáll); Alþingisbækur IX, bls. 329-30.

Alþingisbækur: Á Öxárþingi 10. júlí 1705 var lesinn process úr Kjósársýslu framfarinn að Esjubergi fyrr um sumarið af sýslumanninum Niels Jenssyni Kier.

Kolfinna viðurkenndi að hafa fætt andvana pilt og grafið í hús „innar af af skálanum á þá sínu heimildi Hækingsdal í Kjós, hvar það að mestu rotið fundizt hefur“. Lýsti Ketill Jónsón, húsbónda sinn, barnsföður. Hún sagði hann hafa gengið framhjá rúminu í hverju hún ól barnið morguninn eftir að hún fæddi og að hún hefði sagt honum að hún hefði fætt andvana barn er hann sjálfur vissi sig föður að vera. Hún hefði sagt honum að barnið væri í rúminu hjá sérog hann svaraði að hann kæmi aftur í annan tíma. En Kolfinna sagði að hann hefði ekki komið aftur og ekki orð við sig talað „eður neitt af vitað hvar eður hvenær hún hafi það niður grafið“. Kolfinna dæmd til dauða, forsvaranlega af hálfu valdsmannsins Niels J.K. Kolfinnu var drekkt 13. júlí, í allmargra þingmanna náveru.

Vallaanáll: Ketill var giftur. Hann strauk og náðist ekki undir rétt.

Hestsannáll: konu drekkt í Kjós er hafði launfætt og laungrafið.

Auðkenni/ID = 174

Sigríður Vigfúsdóttir, 1705: Annálar I, bls. 602-3 (Mælifellsannáll), II, bls. 365 (Fitjaanáll), bls. 556 (Hestsannáll), bls. 685 (Annáll Páls Vídalín), bls. 356 (Fitjaannáll) bls. 556 (Hestsannáll); Alþingsibækur IX, bls. 333.

Alþingisbækur: Á Öxarárþingi 13. júlí 1706 var lesinn dómur sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, Halldórs Einarssonar dat. Helgastöðum þann 16. maí 1705 um málefni Ólafs Sveinssonar í Glaumbæ. Hann hafði verið dæmdur til tylftareíðs fyrir banaráð, banavöld, meðvitund og og samhylli í förgun barns síns og Sigríðar Vigfúsdóttur. Á alþingi var Ólafur dæmdur fallinn á eiðnum og dæmdur til landsútlegðar.

Auðkenni/ID = 175 & 176

Árni Björnsson og Kristín Halldórsdóttir, 1705: Annáll I, bls. 471 (Vallaannáll), bls. 603 (Mælifellsannáll); bls. 690 (Annáll Páls Vídalíns); Alþingisbækur IX, bls. 335-36, 362. 556 (Hestsannáll); bls 320 (Sjávarborgarannáll).

Alþingisbækur: Héraðsdómur sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, Halldórs Einarssonar, hafði gengið að Keldunesi og Kristín lýst Ásmund, eiginmann sinn, faðir dóttur sinnar. Seinna viðurkenndi Kristín fyrir héraðsdómi að Árni, eignimaður systur

hennar, væri faðir barnsins. Árni var tekinn af lífi á þinginu en Kristín í héraði því hún komst ekki á þingið sökum veikinda.

Vallaanáll: Höggvinn Árni Björnsson, Grímssonar smiðs úr Reykjadal norðri á alþingi. Hafði átt barn við konusystur sinni er hét Kristín Halldórsdóttir; henni drekkt í Laxá í Reykjadal skömmu eftir þingið.

Mælifellsannáll: Líflátinn á alþingi Árni Björnsson frá Grásíðu í Kelduhverfi. Sýslumaður var Halldór Einarsson. Fyrir dauða sinn bað Árni um þrennt: að hann mætti vera fyrir utan járnshann skyldi ekki hlaupa. 2. Að böðullinn fengi ekki fötin hans heldur yrðu þau gefin fátækum. 3. Að hann yrði grafinn í kirkjugarði; þetta fékk hann allt.

Annáll Páls Vídalíns: Árni „gekk til aftökustaðarins, og á leiðinni bað hann sýslumann að segja biskupnum í Skálholti og vicelögmanni, sem dæmt hafði Árna frá lífi, að þeir vildu hvor um sig take eitt sitt barn, og láta kenna því að lesa og skrifa, smem þeir gerðu síðan.

Auðkenni/ID = 177 & 178

Salómon Hallbjörnsson og Ólöf Jónsdóttir, 1705: Annálar I, bls. 471 (Vallaannáll); Alþingisbækur IX, bls. 330-31, 361.

Vallaanáll: Hálshöggvinn á alþingi Salómon Hallbjörnsson úr Snæfellssýslu er átt hafði barn með systurdóttur sinni Ólöfu Jónsdóttur og henni drekkt.

Auðkenni/ID = 179 & 180

Sumarliði Eiríksson og Ragnhildur Tómasdóttir, 1705: Annálar I, bls. 472 (Vallaannáll); Alþingisbækur IX, bls. 333, 334, 362.

Vallaanáll: Hálshöggvinn á alþingi Sumarliði Eiríksson úr Strandasýslu er átt hafði barn við Ragnhildi Tómasdóttur, hálf-bróðurdóttur sinni og henni drekkt.

Auðkenni/ID = 181 & 182

Hallfríður Magnúsdóttir og Ólafur Kolbeinsson, 1706/1708: Annálar I, bls. 475 (Vallaanáll); bls. 695 (Annáll Páls Vídalíns); II, bls. 558 (Hestsannáll); III, bls. 532, 539 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 204 (Setbergsannáll); V, bls. 282-83 (Desjarmýrarannáll). Alþingisbækur IX, bls. 368,412-414 og 480-81.

Alþingisbækur, bls. 368: Öxarárþing 1706 (um 9. júlí). Dauðadómur Ólafs Kolbeinssonar fyrir barnsmorð í Múlapingi.

Alþingisbækur bls. 412-14: 11. júlí 1707. Lesið í lögréttu héraðspróf sýslumannsins Bessa Guðmundssonar í Múlapingi dat. 9. maí 1707 á Hjaltastaðarmanntalsþing, um meðkennt þriðja hórdómsbrot Hallfríðar Magnúsdóttur og barneign með Ólafi sem réttaður var á Alþingi sumarið fyrr. Barnsfæðingin skeði 23. mars á Kóreksstöðum á heimili lögréttumannsins Ólafs Andréssonar. Þann 12. maí 1707 á Egilsstöðum á Völlum sýndist sýslumanni Hallfríði nærri dauðadómsatkvæði standa en málinu var vísað til fyllilegrar ályktunar á þessu Öxarárþingi. Á þinginu, að Hallfríði fjarverandi, þorðu lögmennt og lögréttan ekki að dæma svo í máli Hallfríðar. 480-81, 1708: Hallfríður var nú til staðar í þinginu og játaði allt og var dæmd til drekkingar. Seinna barnið hafði hún falið undir klæðum sínum en það hafði fundist og lifði af.

Desjarannáll: 1705 opinberaðist „Kjólsvíkurmálið“. Hallfríður og Ólafur voru vinnufólk hjá Sigmundi Vigfússyni og Helgu Þorvarðardóttur. „Á þessum mönnum lá illt orð um það, að eigi mundi umgangast siðsamlega með téðri Hallfríði. Leyfðu margir sér frekt í því að tala, þó lágt fara ætti. Á þessu ári yfirvél óvenjuleg hríða- og bjargarleysistíð. Mæltu margir það mundi standa af illu athæfi í Kjólsvík“. Í kjölfarið fóru Hreppsstjórar í Kjólsvík í rannsóknarleiðangur. „fundu þeir Hallfríði að sápuþvotti, hvörja þeir tóku og rannsökuðu. Fannst þá mjólk í brjóstum hennar“. Hallfríður sagðist þá hafa fengið barni sínu Ólafi og sagðist Ólafur hafa gengið frá barninu í Flugum (Í Glettingum norðan Kjólsvíkur). Gekk hann nauðugur með hreppsstjórunum og gróf upp barnið. Hallfríður, Ólafur og Sigmundur voru færð til sýslumanns. Ólafur var af tekinn, Hallfríði vísað heim, Sigmundur hýddur en Helga var strýkt af hreppstjóranum í Borgarfirði eftir forlagi sýslumanns Bessa. Veturinn eftir fæddi Hallfríður annað barn og kenndi Ólafi að nýju. Taldist so til það hefði átt undir að koma á alþingisferðinni. Hafði hún ætlað fyrir því að fara. Varð því þó varna. Var hún svo árinu eftir á alþingi af tekin.

Helga Magnúsdótti, 1709: Annálar II, bls. 561 (Hestsannáll); III, bls. 541 (Grímsstaðaannáll); IV bls. 206 (Setbergsannáll); Alþingisbækur IX, bls. 516.

Barnsfaðirinn Þórður Þorkelsson Vídalíns átti líka barn með Sigríði Lárentíusdóttur vinnukonu í Krosslandi, Lónkálki (dóttir þeirra hét Anna Þórðardóttir, 1703) (Íslendingabók).

Hestsannáll: Kona tekin af lífi á alþingi fyrir leynd og laungröft á barni.

Alþingisbækur: Öxarárþing 1709, Sýslumaður var Ísleifur Einarsson. Héraðsprocess gerður að Holtum í Hornafirði um vorið 1709 hvar Helga Magnúsdóttir að Dal í Lóni viðurkenndi að hafa ásett sér að leyna fæðingu. Dauðadómur staðfestur á alþingi og Helga tekin af lífi 19. júlí.

Grímstaðaannáll: Helga frá Þórólfsdal í Lóni, ráðskona Þórðar.

Auðkenni/ID = 184

Þórður Andrésón, 1714: Annáll I, bls. 503 (Vallaannáll); II, bls. 391 (Fitjaannáll); Alþingisbækur IX, bls. 168,169,280.

Vallaannáll: 1714, dæmdur frá lífinu Þórður Andrésón í Austfjörðum fyrir sá það er hann særði viljandi Gísla Einarsson. Hann kom ekki til alþingis sökum heilsubreysts og hrumleika og skyldi réttast í héraði.

Auðkenni/ID = 185

Ónafngreind, 1720: Annálar IV, bls. 651 (Hrafnagilsannáll).

Hrafnagilsannáll: Barn fannst út borið í Rangárvallasýslu. Móðirin var í haldi síðan drekkt.

Helga Skúladóttir og Jón Vigfússon, 1721: Annállar IV, bls. 651 (Hrafnagilsannáll); Alþingisbækur: XI, bls. 17-19 og 256.

Jón Vigfússon var giftur Sigríði Tómasdóttur og átti með henni Vigfús(1699), Helgu (1701) og Þorvald (1702). Helga fæddi annað barn eftir Jón.

Alþingisbækur: Öxarárþing 1721, sýslumenn Bjarni Nikolasson og Jón Ísleifsson úr Skaftafellssþingi. Bjarni gekk á Dyrhólaþingstað um vorið þar sam þau voru bæði dæmd til dauða. Jón flúði en var dæmdur til dauða á alþingi þó hann væri fjarverandi. Helga einnig dæmd til dauða en þar sem hún var ólétt eftir Jón á ný átti að fresta aftökunni þar til eftir að hún eignaðist barnið. 256: Konungur mildaði dóm Helgu; henni átti að vísa úr sýslu. Skv. Má dó hún skömmu seinna.

Auðkenni/ID = 186

Guðrún Jónsdóttir og Þorsteinn Jónsson og Ingibjörg Bjarnadóttir: Annáll I, bls. 521 (Vallaanáll); Alþingisbækur XI, bls. 62-65, 71-74, 145-46 og 47.

Alþingisbækur: Öxarárþing 1722, sýslumaður í Barðstrandarsýslu Teitur Arason kom fyrir réttinn. Héraðsdómur hafði farið fram á Kviendisfelli við Tálknafjörð um vorið. Þorsteinn Jónsson, Guðrún Jónsdóttir og Ingibjörg kona Þorsteins öll dæmd til dauða fyrir dulsmál. Þorsteinn og Guðrún mættu fyrir rétti á alþingi og svaramaður þeirra Finnur Nikulásson. Ingibjörg kom ekki sökum veikinda. Þorsteinn búandi að Höfðadal við Tálknafjörð viðurkenndi að hafa eignast barn með Guðrúnu, vinnukonu sinni of bróðurdóttur konu sinnar. Barnið hefði verið andvana og hann grafið það. Ingibjörg viðurkenndi að hafa setið hjá Guðrúnu þegar hún fæddi en að Þorsteinn hafi gripið barnið strax og það fæddist. Guðrún sagði einnig þetta: að Þorsteinn hefði tekið barnið þótt að hún bæði hann að láta sig hafa það. Sagðist hún ekki vita hvort það hefði verið á lífi. 74: Þorsteinn höggvinn á þinginu, ekki dæmt í máli Ingibjargar (bls. 146), máli Guðrúnar áfrýjað til konungs (bls. 74).

Auðkenni/ID = 187 & 189

Halldóra Jónsdóttir og Jón Eyjólfsson, 1725/1729: Annálar I, bls. 526 (Vallaanáll); II, bls. 632 (Hítardalsannáll); bls 656-657 (Hrafnagilsannáll); Alþingisbækur XI, bls. 239-43 og 577.

Alþingisbækur: Öxarárþing 1725. Sýslumaður Jens Pétursson Wium færði með sér feðginin. Upplesin réttarstefna sem lögmaðurinn gaf út eftir beiðni Wiums. Héraðsprocess fór fram á Dvergasteini í Seyðisfirði 1724. Þar sagði Halldóra að hún hefði fætt barnið og tekið léttsótt en þegar hún rankaði við sér hefði faðir hennar tekið barnið og hún vissi ekki hvað hann hafði gert við það þar til það var grafið upp

úr húsgólfi prests. Faðir hennar hafði sagt henni að barnið hefði verið daupt þegar hann tók það. Í héraði játaði Halldóra að faðir hennar væri barnsfaðirinn en ekki Ormur Einarsson eins og hún hafði áður haldið fram að áeggjan föður síns. Auglýsti „opinberlega fyrir réttinum, að hún hefði til samræðis og saurlifnaðar verks með föður sinum nauðug og í allan máta óviljug verið“. Jón viðurkenndi þetta allt að hann hefði nauðgað Halldóru. Sagði hann barnið hafa fæðst andvana og að hann hafi fjarlæggt það frá Halldóru á meðan hún hafi verið með litlu viti; Halldóra hafi ekki vitað að hann hefði grafið barnið. Í héraðsdómi var dæmt að Jón skyldi hálshöggvast og haus hans settur á stöng og að Halldóru skyldi drekkt en máli Halldóru skyldi áfrýja til konungs. Jón var tekinn af lífi á þessu þingi. 577: Konungur ákvað að Halldóru skyldi taka af lífi og var henni drekkt 1729.

Vallaanáll: Höggvinn fyrir blóðskömm með dóttur sinni „og brenndur síðan kroppur hans í eldi, gerði þó góða iðran, og gekk glaður undir dauðann“.

Auðkenni/ID = 188

Jakob Jónsson, 1725: Annálar I, bls. 526 (Vallaanáll); Alþingisbækur IX, bls. 432,433,517,518; XI, bls. 243-244.

Alþingisbækur: sýslumaður Teitur Arason.

Vallaanáll: Hengdur á alþingi Jakob Jónsson úr Arnarfirði vestan fyrir þjófnað ekki minna en 50 hundruð.

Auðkenni/ID = 190

Jón Ingimundarson, 1729: Annálar I, bls. 534 (Vallaannáll); II, bls. 631 (Hítardalsannáll), bls. 703 (Hvammsannáll); bls 666 (Hrafnagilsannáll).

Vallaanáll: Tekinn af lífi á alþingi Jón Ingimundsson frá Tjarnarlandi, austan úr Fljótsdalshéraði, bóndi þar ógiftur. Myrti Sigfús Eiríksson.

Hítardalsannáll: Hægri höndin fyrst höggvin af og síðan höfuðið og bæði sett á stöng.

Auðkenni/ID = 191

Sigurður Árnason: Annálar I, bls. 643 (Mælifellsannáll); II, bls. 644 (Hítardalsannáll), bls. 706 (Hvammsannáll); VI, bls. 36 (Úr Djáknaannálum).

Mælifellsannáll: Kona fannst skorin á háls í vatni einu nálægt bæ sínum á Snæfellsnesi. Sýslumaðurinn Gottorp lét þing stefna og bauð öllu fólki þar nálægt 12 ára og eldra að taka á líkamanum. Þar var meðal annars Sigurður Árnason 18 ára. „Er það mælt, að blóð rynni af nánum, er hann hafi á þreifað. Hafði hann áður átt barn við konu þeirri, og var þá enn þunguð af hans völdum, að sögn.“ Hann var settur í járn og aftekinn á alþingi um sumarið.

Auðkenni/ID = 192

Pétur Halldórsson, 1735: Annálar II, bls. 664 (Hítardalsannáll).

Hítardalsannáll: Pétur átti barn með systurdóttur sinni og þau bæði dæmt til dauða. Konungur vildi ekki náða þau þannig að dauðadómurinn stóð. Þau voru í haldi hjá sýslumanni og var Pétur réttaður 1735 en ekki hún því hún var þunguð af barni sem átti að hafa verið getið af þeim í fangelsinu.

Auðkenni/ID = 193 & 194

Sigmundur Guðmundsson og Halldóra Sigmundsdóttir, 1738: Annálar III, bls. 573 (Grímsstaðaannáll); Alþingisbækur XII, bls. 375-77, 404, 411.

Alþingisbækur: Feðgin er höfðu eignast barn sín á milli voru dæmd til dauða á alþingi og skyldu takast af lífi á þessu Öxarárþingi. Þá Sigmundar litlu eftirlátinu fémuni, þá eftir réttarbót Magnúsar konungs yrði það barninu tillagt til fósturs sem ekki var enn orðið 2 ára.

Grímsstaðaannáll: Feðgin úr Ísafjarðarsýslu sem áttu barn saman. Hann hálshöggvinn en henni drekkt.

Guðfinna Þorláksdóttir, 1739: Alþingisbækur XII, bls. 530-32, 539, 543 og 567.

Alþingisbækur: Öxarárþing. Komu fyrir þingið Guðfinna og sýslumaður Ísafjarðarsýslu, sr. Markús Bergsson og Ormur Daðason (verjandi). Héraðsþing hafði farið fram að Mýrum í Dýrafirði. Guðfinna viðurkenndi að hafa fætt barn í

skálanum á Sæbóli og falið það í kistu sinni og var fyrir það dæmd til dauða; hana skyldi hálshöggva. Á alþingi var dæmt að henni skyldi drekkt. Lögmaður Hans Becker. Ormur Daðason áfrýjaði dómnum en dró áfrýjunina strax til baka. Skv. Má finnast engin önnur bréf, líklega var Guðfinnu drekkt.

Auðkenni/ID = 195

Þorbjörg Helgadóttir og Jón Guðmundsson, 1738: Annálar I, bls. 666 (Mælifellsannáll); III bls. 573 (Grímsstaðaannáll); Alþingisbækur XII, bls. 412-13.

Alþingisbók: Öxarárþing 1738. Sýslumaður yfir Húnavatnssýslu, sr. Bjarni Halldórsson kom fyrir réttinn ástamt Þorgbjörgu og stjúpföður hennar Jóni. Héraðsdómur haustið áður við Þverá. Sökuð um blóðskömm og dulsmál. Á alþingi var dæmt að þau skyldi bæði hoggin og höfuð þeirra sett á stöng. Sök Þorbjargar var áfrýjað til konungs.

Mælifellsannáll: Vestur í Víðidal átti maður barn við stjúpdóttur sína og drap það.

Grímsstaðaannáll: Hann hálshöggvinn „fyrir henni útskrifað.“

Auðkenni/ID = 196

Bótólfur Jörundsson, 1739: Annálar III, bls. 573, 574 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 669 (Hrafnagilsannáll); Blanda, 5.bindi 1932-1935, bls. 128-13; Alþingisbækur XII, bls. 461-464.

Íslendingabók: Frá Þorskafirði. Banaði gömlum fátækum manni. „Falaði hest þess gamla, er hann reið, og fékk ei, kippti þeim gamla af baki, svo hann meiddist, og sló hann þar til með steini í höfuðið, svo hann lá eftir rotaður.“

Blanda: Bótólfur drap gamlan mann sem hét Jón Gottskálksson. Prestur hafði varað Jón við Bótólfi en hann hlustaði ekki og hélt áfram leið sinni. Bótólfur var „handtekinn“ á Vattarnesi og fluttur í Haga. Hann var dæmdur til dauða og var dómurinn staðfestur á Alþingi sumarið eftir. Bótólfur var hálshöggvinn „ofan til við Vaðalsá, á nesinu, er síðan er Bótólfólfsnes kallað.

Grímsstaðaannáll: Bótólfur réttaður í héraði því böðulinn vantaði á alþingi.

Auðkenni/ID = 198

Gunnfríður Jónsdóttir, 1740: Alþingisbækur XIII, bls. 2 og 5-6.

Alþingisbækur: Öxaráþing. Sýslumenn Nikolas Magnússon og Guðmundur Sigurðsson. Gunnfríður hafði verið dæmd til dauða í héraðsþingi á Kirkjulæk í Fljótshlíð. Viðurkenndi að hafa fætt barn í leyri og hélt því fram að það hefði fæðst andvana. Á Öxaráþingi var dæmt að hún skyldi hálshöggvast með öxi og höfuð hennar sett á stjaka. „Skal sýslumaðurinn í Rangárþingi láta þá execution framfara eftir lögum.“ Málinu skyldi þó áfrýjað til konungs. Skv. Má hefur úrskurður konungs ekki fundist í skjalasöfnum.

Auðkenni/ID = 199 & 200

Jón og Sunnefa: Annálar III, bls. 583 (Grímsstaðaannáll); V, bls. 28 (Íslands árbók), bls. 288 (Desjarmýrarannáll); VI, bls. 431 (Sauðlauksdalsannáll).

Annálar II, bls. 297 (Fitjaannáll): 1693. Gengu yfir í öllum sveitum rán og stuldir, þó helzt fyrir austan, af fólksfjölda og fiskleysi, í Árnessýslu það ár markaðir og strýktir 18 þjófar, hinn 19. hengdur, en 10 eður 11 í Rangárþingi.

Auðkenni/ID = 201

Ásmundur Þórðarson, 1740: Annálar III, bls. 573, 574, 577 (Grímsstaðaannáll); V, bls. 7 (Íslands árbók).

Grímsstaðaannáll: Tekinn af lífi á alþingi. Hafði myrt ungan mann.

Auðkenni/ID = 202

Jón Erlendsson, 1747: Annálar III, bls. 595 (Grímsstaðaannáll); V, bls. 17 (Íslands árbók).

Grímsstaðaannáll: Þjófur hengdur syðra. Dæmdur í Kópavogi.

Auðkenni/ID = 203 & 204

Guðríður Vigfúsdóttir og Bjarni "öskubak" Jónsson, 1749: Annálar III, bs. 601-604 (Grímsstaðaannáll); VI, bls. 72 (Úr Djáknaannálum); Alþingisbækur VIII, bls. 416-418, 425-426.

Grímsstaðaannáll: Guðríður og Bjarni voru tekin af lífi á alþingi fyrir blóðskömm. Þau höfðu eignast barn saman en Bjarni var bróðir látins eiginmanns Guðríðar.

Auðkenni/ID = 205

Sigurður Guðmundsson, 1751: Annálar V, bls. 26 (Íslands árbók); bls 682 (Hrafnagilsannáll).

Íslands árbók: Var fyrst dæmdur fyrir stuld á Grýtubakka, síðan á Svalbarða, hvar nálægt hann var hengdur við sjóinn.

Auðkenni/ID = 206, 207, 208

3 strákar, 1751: Annálar III, bls. 615 (Grímsstaðaannáll); 406 (Ketilsstaðaannáll); IV bls 490 (Höskuldsstaðaannáll), bls 682 (Hrafnagilsannáll); V, bls. 26 (Íslands árbók), bls. 316 (Vatnsfjarðarannáll yngsti); VI, bls. 79 (Úr Djáknaannálum); bls. 430 (Sauðlauksdalsannáll).

Grímsstaðaannáll: 3 menn teknir af lífi norður í Vaðlasýslu. Höfðu verið að verki og vitund í morðmáli þar um veturinn.

Ketilsstaðaannáll: 3 strákar drepa einn pilt í Eyjafjarðará. Þeir voru höggðir og dysjaðir í einu hrauni.

Íslands árbók: Teknir af lífi í Möðrufellshrauni við Klofasteina, yst í hraunshalanum fyrir neðan hagann, bjuggust vel til dauðans.

Höskuldsannáll: Þrír bræður frá sama bæ stálu ýmsu matarkyns af öðrum bæ. Tveir bræðranna treystu ekki þriðja bróðurnum til að þegja og vildi hann fara burt til annarra sveita yfir Eyjafjarðará. Þá sátu hinir tveir bræðurnir ásamt öðrum strák sem þeir fengu til liðs við sig, fyrir honum og drektu honum í ánni. Annar

bræðranna gat ekki þagað yfir þessu, líklega vegna samvisku og þess vegna komst þetta upp. Þeir voru réttaðir á extralögþingi í Eyjafirði. Af þeim var hoggin önnur höndin og síðan höfuðið.

Vatnsfjarðarannáll yngsti: Réttaðir í Grundarhrauni.

Úr Djáknaannálum: hoggin af þeim önnur höndin og svo hálsöggvir.

Auðkenni/ID = 209

Jón Jónsson ("Kjöseyrar-Jón"), 1752: Annálar III, bls. 615, 618 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 682 (Hrafnagilsannáll); V, bls. 30 (Íslands árbók); VI, bls. 83 (Úr Djáknaannálum), bls. 430 (Sauðlauksdalsannáll); Alþingisbækur XIV, bls. 53, 55-56.

Alþingisbækur: Jón var dæmdur til dauða á Öxarárþingi 10. júlí. Skyldi hann klípast 4 sinnum með glóandi tögum, hægri höndin höggvast af og næst höfuðið og bæði sett á stjaka. Aftakan fór fram 17. júlí "eftir fyrirskrifuðum dómi".

Grímsstaðaannáll: Jón aftekinn á alþingi um sumarið. Hafði myrt barn sitt. Var dæmdur af Einari Magnússyni sýslumanni í Strandasýslu.

Úr Djáknaannálum: Skyldi missa hægri hönd og klípast 4 sinnum með glóandi tögum. Höfuð og hönd sett á stjaka.

Sauðlauksdalsannáll: Ástuson.

Auðkenni/ID = 210 & 211

Ónafngreindir, 1752: Annálar IV, bls. 491 (Höskuldsstaðaannáll); VI, bls. 83 (Úr Djáknaannálum).

Höskuldsstaðaannáll: Tveir þjófar hengdir í Rangársýslu.

Auðkenni/ID = 212

Ólafur Guðvarðsson, 1753: Annálar VI, bls. 88 (Úr Djáknaannálum).

Úr Djáknaannálum: Hengdur í Skagafirði fyrir þjófnað.

Auðkenni/ID = 213 & 214

Guðrún Valdadóttir og Sigurður „elli“ Jónsson 1754/55: Blanda V, 1932, bls. 68-70; Már Jónsson, 1993, bls. 218 og 223. Annálar V, bls. 36 (Íslands árbók); VI, bls. 92 (Úr Djáknaannálum); Alþingisbækur XIV, bls. 94.

Íslendingabók: Guðrún Valdadóttir: (1720) - 17. mars 1755. Bjó í Barðastrandasýslu. Drekk í hyl fram á Mikladal við Geirseymi fyrir að eignast börn með feðgum. Sigurður „elli“ Jónsson: Sigurður „elli“ Jónsson (1680) - 1754 Bóndi á Geirseymi í Patreksfirði. „Tekinn af lífi fyrir barneign með Guðrúnu Valdadóttur, barnsmóður sonar síns.“, segir Espólín. Ættaður að norðan.

Alþingisbækur XIV, bls. 94: fyrrum sýslumaður í Barðarstrandasýslu, Ólafur Árnason, mætti fyrir lögþingisréttinum. Guðrúnu og Sigurði stenft fyrir blóðskömm. Sakapersónurnar mættu ekki fyrir rétti heldur 2 þingvitni „upp á þeirra veikleika og forföll“. Lögmaðurinn sá sér ekki fært að dæma í málinu að Guðrúnu og Sigurði fjarverandi. Málið skyldi tekið fyrir á öðru lögþingi á hentugum tíma og stað.

Már Jónsson 1993, bls. 218: Guðrún Valdadóttir eignaðist barn eftir Sigurð ella en hafði áður átt barn með Einari, syni hans. Henni var drekk en hann var hálshöggvinn. Eftir að Sigurður og Guðrún voru dæmd til dauða sóttu þau um mildun en sögðust ekki treysta sér til erfiðisvinnu þar sem hann var á áttæðisaldri en hún um fertugt. Kansellí benti á að það tíðkaðist að senda dauðadæmt fólk til lífstíðar fangavistar og stiftamtmaður sagði það væri hin mesta náð fyrir dauðadæmt fólk að hlotnast lífstíðar fangelsi en fyrst þeim þætti slíkt víst verra en dauði bæri að taka þau af lífi. Konungur féllst á það (Rigsarkivet); bls. 223: Davíð Scheving sýslumaður skrifaði Magnúsi Gíslasyni amtmanni. Davíð hafði þá fengið skipun um aftöku Sigurðar og Guðrúnar og baðst undan skipuninni. Sigurður hafði þá haldið því fram að hann væri ekki blóðfaðir Einars, sonar konu sinnar er hafði áður átt barn með Guðrúnu. Réttur faðir hans væri Gunnar nokkur í Flatey (Gunnar neitaði) en Sigurður vildi ekki opinbera þetta áður því hann hafði ekki viljað látinni eiginkonu sinni neina minnkun. Auk þess var Guðrún lögst í kör og komst ekki á fætur: „á þá að taka hana úr rúminu og bera hana til vatnsins?“ Magnús Gíslason var ósáttur með bréf Davíðs og sagðist hissa á töfinni. Samkvæmt frásögnum Gísla

Konráðssonar 100 árum seinna leið tvívegis yfir Davíð er verið var að drekkja Guðrúnu.

Blanda V, 1932, bls. 68-70: „Á fyrri hluta 18. aldar, bjó sá maður, er Sigurður hét Jónsson á Geirseyri við Patreksfjörð. Var hann norðlenzkur að ætterni og kallaður elli, en ekki vita menn, af hverju það auknefni hafi dregið verið. Hann var kvæntur Helgu Jónsdóttur frá Hænuvík, Jónssonar í Sellátrum við Tálknafjörð Tómassonar. Voru hinir svonefndu Sellátrabræður, synir Jóns Tómassonar og Helgu Þórðardóttur prests í Garpsdal Tómassonar, nafnkenndir fyrir karlmennsku og harðfengi, og aðra atgervi. Eru miklar ættir komnar frá þeim vestra. Séra Jón Þorláksson skáld á Bægisá var dóttursonur eins þessara bræðra (Tómasar Jónssonar í Krossdal). Hafði Sigurður elli kvænzt Helgu konu sinni óléttri með öðrum manni, og gekkst við þessu barni hennar, til þess að fá hennar, að því er sagnir segja. Hét barn þetta Einar, og var talinn vera bróðir, samfeðra, Steinunnar Gunnarsdóttur, móður Eggerts ríka Ólafssonar í Hergilsey. Þau Sigurður og Helga voru vel efnuð og bjuggu lengi á Geirseyri, en eptir lát Helgu tók Sigurður bústýru þá, er Guðrún hét Valdadóttir, er áður hafði átt barn með Einari, er Sigurður taldist faðir að. En það slys henti Sigurð, að hann átti barn með þessari bústýru sinni, og var þá talin dauðasök, vegna sífjaspella eptir stóradómi Sagt var, að Sigurður hefði þó fengið annan mann til að gangast við barninu, og leysa þannig líf sitt, en það kvisaðist, og hræddi þá sýslumaður (Ólafur Arnason í Haga á Barðaströnd) mann þennan til að ljóstra þessu upp. Var þá Sigurður tekinn og fluttur í járnum að Haga, en fé hans gert upptækt. Dæmdi sýslumaður hann til að hálshöggvast, en Guðrúnu barnsmóður hans að drekkjast, og kom nieð þann dóm til alþingis 1753, en málinu var vísað til aukalögþingsréttar þar vestra, og var dauðadómurinn þar staðfestur. Var mælt, að konungsnáðar hefði verið leitað, en ekki fengizt. Var Sigurður svo tekinn af í Haga, líklega árið 1754, og Davíð Scheving þá orðinn sýslumaður. Bjóst Sigurður harðmannlega við dauða sínum, og hefur Gísli Konráðsson lýst allnákvæmlega aftöku hans í Barðstrendinga þætti. Hann segir og, að Guðrúnu hafi verið drekkst skömmu síðar í hyl fram á Mikladal, er liggur fram af Geirseyri, og hafi hún kveklið áður saumað sjálf poka þann, er hún átti að drekkjast í að morgni, og vitað sjálf til hvers hann átti að vera. Hafi hún sungið sálm eptir séra Sigurð Jónsson í Presthólum, á leiðinni til aftökunnar fram dalinn, og verið hin trúaröruggasta og þóttst viss um sáluhjálp sína, þrátt fyrir þau mannlegu lög, er nú rænda hana lífinu. Segir Gísli, að menn þeir, sem voru við aftökuna, hefðu sagt, að tvisvar hefði böðullinn orðið að bæta grjóti í pokann, því að hann hefði viljað fljóta upp með hana, en að síðustu héldi böðullinn pokanum niðri með broddstaf, og þeir gert orð

á því, hve illmannlega hann hefði stungið niður broddstafnum, svo að sagt var, að Davíð sýslumaður hefði ekki getað á það horft, gengið frá og fallið tvisvar næstum í ómeginn, en verið getur, að frásögn þessi sé að einhverju leyti ýkt. Var lík Guðrúnar dysjað þar á holti einu, skammt frá götunni, og sagt, að þar sjáist enn (um miðja 19. öld) merki dysinnar. Eg hef getið þessa sakamáls hér af því, að sonur þessa Sigurðar ella og Helgu konu hans varð nafnkenndur maður fyrir hagleik. Hann hét Jón, sigldi til Kaupmannahafnar, líklega eptir aftöku föður síns, lærði þar úrsmíði, kvæntist þar og átti börn, sagður dáinn skömmu fyrir eða um 1800.x) Hann er vafalaust sá Jón Sigurðsson úrsmið'ur („Jon Sivertsen Islænder“), er um 1797 gerði við hið nafnkunna sigurverk — Habrechtsklukkuna — er mestu hugvitsmenn í úrsmíð með Dönum í þann tíð höfðu gefizt upp við, og ekki fengið til að ganga, en þessi íslenzki úrsmiður, Jón Sigurðsson, sonur óbótamannsins Sigurðar ella frá Geirseeyri, leysti þá þraut (sbr. rit Jóns biskups Helgasonar: Íslendingar í Danmörku fyr og síðar, Rvík 1931, bls. 158). Hef eg nú leyst úr þeirri gátu, af hvaða bergi þessi íslenzki völundur var brotinn, og hygg eg, að það verði ekki véfengt. Sennilega hafa hin voveiflegu afdrif föður hans orðið þess valdandi, að sonur hans leitaði af landi burt, þar sem síður var hætt við, að skuggi félli á nafn hans.“

Auðkenni/ID = 215

Ónafngreindur, 1755: Annálar III, bls. 627 (Grímsstaðaannáll).

Grímsstaðaannáll: Þjófur sem hafði brotist út járnum heim í Hnappadalssýslu var dæmdur af Ksýslumanni Þorgrími á extra-þingi á Jörva og hengdur í Eldborgarhrauni (Líklega við Snæfellsnes) (neðanmáls: Barnaborgarhrauni, afsriptarbrott aptan við A.)

Auðkenni/ID = 216, 217, 218

3 ónafngreindir þjófar, 1756: Annálar V, bls. 39 (Íslands árbók); VI, bls. 103 (Úr Djáknaannálum).

Íslands árbók: Tveir þjófar hengdir í Rangárþingi og einn í Norðursýslu (Skriðu Norður skv. Djáknaann.).

Auðkenni/ID = 219

**Guðmundur Snorrason, 1757: Annálar IV, bls. 377 (Ölfusvatnsannáll);
Alþingisbækur XIV, bls. 256 og 259.**

Ölfusvatnsannáll: Útilegubjófur, Guðmundur Snorrason var hengdur í Borgarfirði.

Alþingisbækur: 1757. Guðmundur dæmdur til kagstrýkingar, brennimerkingar á bakið og til „ævinlegs schlaверies fyrir sýslumannsins Jóns anstalter á þessu sumri til Kaupenhafnar útsendast“.

Auðkenni/ID = 220

**Jón Magnússon, 1758: Annálar VI, bls. 113 (Úr Djáknaannálum); Alþingisbækur
XIV bls.282-83.**

Úr Djáknaannálum: Úr Árnessýslu. Dæmdur til gálga fyrir þjófnað.

Auðkenni/ID = 221 & 222

2 Ónafngreindir menn, 1758: Annálar IV, bls. 377 (Ölfusvatnsannáll).

Ölfusvatnsannáll: Tveir þjófar hengdir í Mýrasýslu.

Auðkenni/ID = 223

Ónafngreindur maður, 1758: Annálar IV, bls. 377 (Ölfusvatnsannáll).

Ölfusvatnsannáll: Þjófur hengdur í Borgarfjarðarsýslu.

Auðkenni/ID = 224

**Jón Jónsson/Ólafsson, 1758: Annálar V, bls. 42 (Íslands árbók); bls 505
(Höskuldsstaðaannáll).**

Íslands árbók: tekinn af lífi Jón úr Húnavatnssýslu er hafði myrt barn sitt.

Höskuldsstaðaannáll: Maður í Víðidal kyrti barn sitt til bana. Hann var klipinn með glóandi járnum og tekinn af lífi á Sveinsstöðum.

Auðkenni/ID = 225

Ónafngreind kona, 1759: Annálar V, bls. 45 (Íslands árbók); VI, bls. 116 (Úr Djáknaannálum).

Íslands árbók: kona úr Mýrasýslu tekin af lífi fyrir dulsmál.

Auðkenni/ID = 227

Kristín Bjarnadóttir, 1760: Annálar III, bls. 637, 641 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 378 (Ölfusvatnsannáll).

Grímsstaðaannáll: Kristínu drekk á Mýrum Suður, vestan Hvítá. Þessi Kristín hafði drekkt dóttur sinni 6 vetra gamalli.

Auðkenni/ID = 228 & 229

Ívar Jónsson og Ólöf Jónsdóttir, 1763: heimildir?

Ívar var fósturfaðir Ólafar (fædd í kringum 1740). Kona Ívars og móðir Ólafar var Ingibjörg Jónsdóttir (fædd í kringum 1705). Ívar og Ólöf áttu barn á laun sem dó (kemur fram á Íslendingabók). Þau voru dæmd til dauða á þingi á Auðkúlu í Arnarfirði árið 1761 fyrir blóðskömm, dulda barnsfæðingu og fyrir að hafa ekki reynt að bjarga barninu.

Í dómnum segir að Ívar ætti að vera leiddur á aftökustaðinn með snöru um hálsinn. Hann ætti að vera klipinn með glóandi tóng þrisvar sinnum og að missa hægri handlegginn áður en höfuðið væri hoggið af, þegar á höggstokkinn væri komið.

Ólöf var dæmd til að vera hálshöggvin og að höfuð hennar ætti að vera sett á stjaka öðrum til viðvörunnar.

Þetta sakamál fór fyrir hæstarétti í Kaupmannahöfn, dómsniðurstaðan varð sú sama. Dauðadómurinn var staðfestur í hæstarétti árið 1762.

Ívar og Ólöf voru tekin af lífi 22.ágúst 1763, líklega á Auðkúlu.

Ekki er vitað samkvæmt þessum heimildum hvar Ívar og Ólöf voru í varðhaldi frá því þau voru dæmd og þar til þau voru tekin af lífi en það voru um 118 vikur (16.maí 1761-22.ágúst 1763).

Þetta var síðasta aftakan vegna sífjaspells á Íslandi og síðasta aftakan á þingstöðum Vestfirðinga.

Ingibjörg Jónsdóttir bjó enn á Gljúfurá eftir aftökuna ásamt þremur börnum sínum.

<https://www.safnis.is/upload/files/11%20Gljufra.pdf>

Auðkenni/ID = 230

Jón Halldórsson, 1770: Annálar V, bls. 69 (Íslands árbók); bls 523 (Höskuldsstaðaannáll); VI, bls. 165 (Úr Djáknaannálum).

Íslendingabók: skv. Espólín ar hann tekinn af lífi á Ingjaldshól.

Íslands árbók: tekinn einn maður af lífi í Snæfellssýslu. Hann hafði stungið pilt til bana með pennahníf því hann reyndi að lesa bréf sem hann var að skrifa.

Auðkenni/ID = 231

Ónafngreindur drengur, 1786: Annálar V, bls. 190 (Espihólsannáll).

Espihólsannáll: strákur austan úr Múlapingi skar tungu úr örðum og var fyrir það líflátinn.

Auðkenni/ID = 232

Ingibjörg Jónsdóttir, 1792: Annalár V, bls. 195 (Espólínsannáll); VI, bls. 302 og 323 (Úr Djáknaannállum); Alþingisbækur XVI, bls. 483-85 og 489-91.

ÞÍ. Sýsl. Skag. V-9, bls. 196-210; Ka. 45: 23. júlí 1790; Ka, 48: 14. apríl 1791; Stift. III-233: 29. mars og 16. júlí 1791, 6. júní og 5. okt 1792. Umfjöllun: Sigurjón Björnsson, „Síðasta aftakan í Skagafirði.“ Skagfirðingabók 5 (1970), bls. 22-32.

Alþ: Öxaráping. Sýslumaður V. Thórarinsson og Vigfús Scheving. Verjandi Jón Arnórsson sýslumaður í Snæfellssýslu. Dæmd til dauða í héraðsdómi að Víðivöllum.

Hana skyldi klípa 5 sinnum með glóandi tóng, hennar hægri hönd lifandi að afhöggvast með öxi og síðan höfuðið. Líkaman skyldi leggja á steilur en höfuðið og höndina á stjaka. Ingibjörg var vinnukona á Hofstöðum í Skagafirði. Hún sagðist hafa eignast barn í fjósinu á Hofstöðum, lagt það í bás, bleytt peysu sína og ofið barninu í blauta peysu og svo skilið það eftir yfir nótt. Þá hafði hún vafið því í svartann lepp og grafið það. Á alþingi var dæmt að hún skyldi hálshöggvast, höfuðið sett á stjaka en kroppurinn grafast á aftökustað.

Auðkenni/ID = 233 & 234

Steinunn Sveinsdóttir og Bjarni Bjarnason, 1805:

Steinunn og Bjarni voru sökuð um að hafa myrt maka sína. Steinunn dæmd til að hálshöggvast en Bjarna átti að klípa þrisvar með glóandi tóngum, handhöggva og loks hálshöggva.

Auðkenni/ID = 235 & 236

Agnes Magnúsdóttir og Friðrik Sigurðsson, 1830:

Agnes og Friðrik voru dæmd til dauða fyrir morðið á Natani Ketilssyni og Pétri Jónssyni. Tekin af lífi í Vatndalshöldum í Húnavatnssýslu 1830.

Auðkenni/ID =

Margrét Guðbrandsdóttir, 1773: Annálar IV, bls. 631 (Húsvetnskur Annáll), bls. 164 (Úr Djáknaannálum); Alþingisbækur XV bls 340-341.

Sumarið 1773 var Margrét tekin af lífi á alþingi fyrir dulsmál. Hún er sögð hafa fætt barnið í leynti, skorið það á háls og kastað í sjávarós. Margrét var hálshöggvin og höfuð hennar sett á stöng. Hún var frá Vestmannaeyjum.

Auðkenni/ID =

Sigurður Sveinsson, 1800: Annálar V, bls. 218 (Espihólsannáll).

Espihólsannáll: Maður dæmdur til dauða í Þingeyjarþingi að nafni Sigurður Sveinsson.

Auðkenni/ID =

Tveir ónafngreindir menn, 1683: Annálar V, bls. 277 (Desjarmýrarannáll).

Desjarmýrarannáll: Tveir menn er myrtu son bóndans að Vindifelli í Vopnafirði voru "höndlaðir til lífláts í Hofskirkju."

III, bls. 493 (Grímsstaðaannáll): Þjófaöld var sögð sunnan. "Var það ár í Árnessýslu hýddir 10 þjófar, og markaðir sumir, en einn hengdur, en 11 í Rangárvallasýslu.- hvaða ár?"